

Spilaði fyrir 20 milljónir á tveimur árum

Innlent 2

Spilafíkn kostaði þriggja barna fjölskylduföður aleiguna. Fyrrverandi spilafíkill gagnrýnir eigendur spilakassa harðlega.



Svona getur þú sparað hundruð þúsunda

Innlent 4

Húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað hratt umfram verðlag. Þetta skapar góð skilyrði til endurfjármögnunar.



„Hvernig getur fólk lifað á þessum launum?“

Innlent 8

Mannlíf ræðir við fólk sem hefur unnið til fjölda ára á leikskólum hjá Reykjavíkurborg en nær ekki endum saman.



Má njóta níðinga?

Samfélag 20

Ber neytendum siðferðileg skylda til að sniðganga sköpunarverk listamanna þegar þeir eru grunaðir um eitthvað misjafnt?

6. TÖLUBLAÐ 4. ÁRGANGUR

FÖSTUDAGURINN 14. FEBRÚAR 2020

MANNLÍF



„Ég hætti að tala, það var til einskis“

***Erna Marín Baldursdóttir hefur staðið í baráttu frá því hún man fyrst eftir sér en stjúpfaðir hennar hóf að misnota hana þegar hún var fimm ára gömul.** En það er ekki ofbeldið sjálft sem sviður mest í dag, heldur fálætið af hálfu þeirra sem áttu að vera til staðar og viðmót fagaðila sem sífellt leita afsakana fyrir konuna sem einnig braut gegn henni.*



Í hæsta áhættuflokki fyrir peningaþvætti

> Ríkislögreglustjóri segir mikla áhættu á að spilakassar séu notaðir til að þvætta fé.

Veruleg hætta er á því að spilakassar geti verið notaðir til að þvætta fé, að því er fram kemur í áhættumati Embættis ríkislögreglustjóra vegna peningaþvættis og fjármögnunar hryðjuverka, sem gefið var út í fyrra. Þar segir meðal annars að skortur á kröfu um gott orðspor þeirra staða sem hýsa spilakassa sé alvarlegur veikileiki vegna aðgengi þeirra til kaupa á vinningsmiðum. Spilakassarnir eru í hæsta áhættuflokki þegar kemur að peningaþvætti.

Í áhættumatinu segir að hægt sé að spila fyrir 100 þúsund krónur í senn, að hámarki, í spilakössunum, sem taki einungis reiðufé. „En slíkt er hægt að endurtaka eins oft og vilji stendur til. Hægt er að prenta út vinningsmiða án þess að spilað hafi verið eða fáir leikir hafi verið spilaðir."

Fram kemur að hvorki Íslandsspil né Happdrætti Háskóla Íslands geri sérstaka kröfu um orðspor rekstraraðila. Dæmi séu um að samningum við rekstraraðila hafi verið rift vegna vanskila eða brota á reglum, til dæmis að ungmenni hafi fengið að spila í kössunum. Gagnrýnt er að engar reglur séu til staðar um útgreiðslu vinninga en algengast sé að vinningar séu greiddir út í reiðufé. Engin áreiðanleikakönnun fari fram á vinningshafa þegar spilastaður greiðir út vinning. Aðeins þurfi að gefa upp innlendan bankareikning og kennitölu þegar vinningur sé greiddur út rafrænt. „Ekki er neitt hámark varðandi þá vinninga sem spilastöðum er heimilt að greiða út en sé um mjög háa vinninga að ræða og spilastaður ekki með það mikla fjármuni þarf vinningshafi að leysa út vinninginn hjá rekstraraðila sem greiðir um 80-90% vinninga rafrænt."

Alls voru árið 2019, 493 „happdrættisvélar" í notkun á 28 stöðum. Þá séu spilastaðir „söfnunarkassa" Íslandsspila 76 talsins og kassarnir þeirra séu 379. Samtals eru því 872 spilakassar í notkun. Heildarveltan var árið 2017 um 11,74 milljarðar króna og greiddir vinningar 8,1 milljarður.

Í niðurlagi áhættumatsins, þegar kemur að spilakössum, segir að veruleg hætta sé á því að spilakassar geti verið notaðir til að þvætta fé. Peningaþvætti í gegnum spilakassa þarfnist ekki sérfræðiþekkingar, sérstaks undirbúnings eða tilkostnaðar. „Tilkynningum til skrifstofu fjármálagreininga lögreglu hefur fjölgað síðastliðin tvö ár og er grunur um að þessi leið hafi ítrekað verið notuð við þvætti. Samkvæmt framangreindu er hætta í tengslum við spilakassa mikil."



Alls eru tæplega 900 spilakassar á Íslandi.



Háskólinn segir að starfsemi HHÍ byggi á lögum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra.

HHÍ skapi ekki eymd í samfélaginu

Nýstofnuð Samtök áhugafólks um fjárhættuspilavandann (SÁF) sendi fyrirspurn til Háskóla Íslands í desember, þar sem spurt var um þá starfsemi Happdrættis Háskóla Íslands sem snýr að spilakössum. Hér fyrir neðan eru birtar tvær af þeim spurningum SÁF og kaflar úr svörum háskólans.

SÁF: *Telja stjórnendur Háskóla Íslands það samfélagslega ábyrgt að fjármagna starfsemi sína með rekstri spilakassa sem stuðla að spilafíkn og skapa eymd í samfélaginu?*

HÍ: Þrátt fyrir að sú vá sem spilafíkn felur í sér sé óumdeild og að þátttaka í peningaleikjum í happdrættisvélum geti leitt til ánetjunar þá verður af hálfu Háskóla Íslands ekki tekið undir þær fullyrðingar að starfsemi happdrættisvéla HHÍ skapi eymd í samfélaginu. [Starfsemi stofnunarinnar byggist] á lögum og reglugerðum settum á grundvelli þeirra. Það er því á forræði Alþingis og stjórnvalda að ákveða hvort mæta skuli húsnæðisþörf háskólans með afrakstri af starfsemi HHÍ eða með öðru fé. Þegar litið er til frumkvæðis HHÍ á sviði ábyrgrar spilunar og aðgerða til að stemma stigu við spilafíkn [...] verður að telja að gætt sé að þeirri samfélagslegu ábyrgð sem hvílir á stofnunum þegar kemur að því að starfrækja umrædda lögbundna starfsemi.

SÁF: *Í viðtalinu [í Morgunblaðinu 27. nóvember sl.] upplýsir forstjóri HHÍ að félagið óski eftir leyfi til að hefja fjárhættuspilastarfsemi á Internetinu. Teljið þið sem stjórnendur Háskóla Íslands þessi ummæli réttlætanleg [...] sérstaklega í ljósi þess skaða sem slík starfsemi HHÍ veldur í samfélaginu nú þegar?*

HÍ: Tekið er undir þá afstöðu sem forstjóri HHÍ hefur lýst [...] að með því að veita leyfishöfum reksturs happdrættisvéla og söfnunarkassa heimild til að starfrækja á Netinu sömu peningaleiki og þeir hafa leyfi til að bjóða upp á í happdrættisvélum sínum mætti veita landsmönnum lögmætan valkost við þá ólögmætu netspilun sem viðgengst hér á landi.

Texti / Baldur Guðmundsson



Spilaði í kössum fyrir 20 milljónir á tveimur árum

„Við getum ekki unað við það lengur að það sé verið að níðast á spilafíklum í fjáröflunarskyni," segir Alma Hafsteinsdóttir, ráðgjafi og fyrrverandi spilafíkill. Hún birti í vikunni sláandi bankayfirlit manns sem var djúpt sokkinn í spilafíkn og gagnrýnir eigendur spilakassa harðlega.

Bankayfirlit sýna úttektir fyrir tæplega 20 milljónir á tveimur árum," segir Alma Hafsteinsdóttir, fíkni- og fjölskyldumarkþjálfi með sérhæfingu í spilafíkn. Hún birti á Facebook brot úr bankayfirliti spilafíkils, sem tók út rúmlega eina milljón króna á tveimur dögum.

Alma rekur stofu þar sem hún tekur á móti spilafíklum og fjölskyldum þeirra. Hún hefur sjálf glímt við spilafíkn en hefur undanfarin ár verið ötul baráttukona gegn spilakössum og þeim vanda sem þeim fylgir. Í haust voru stofnuð Samtök áhugafólks um spilafíkn. Alma segir að einstaklingurinn sem á reikningsyfirlitið sem hér er birt, eigi þrjú börn. Sá er að hennar sögn vel menntaður, með háskólagráðu og var í góðri vinnu. „Þú myndir ekki undir neinum kringumstæðum átta þig á því að viðkomandi glímdi við spilafíkn."

Alma, sem er að sækja sér réttindi sem alþjóðlegur ráðgjafi fyrir spilafíkla, segir að einstaklingurinn sé á betri stað í dag. Spilafíknin hafi haft gífurleg áhrif á líf hans. Hann standi uppi eignalaus en fjölskyldan sé smám saman að koma til baka, eins og hún orðar það. „Þarna úti er fullt af svona sögum. Það eru sögur um skilnað, eignamissi, þrot og sjálfsvíg. Þessi saga er bara ein af þeim," útskýrir hún.

Spilakassar á Íslandi eru reknir af Íslandsspilum og Happdrætti Háskóla Íslands. Rauði krossinn er stærsti eigandi Íslandsspila með 64 prósenta eignarhlut. Slysavarnafélagið Landsbjörg á 26,5 prósent og SÁÁ 9,5 prósent. Fram kemur á heimasíðu Íslandsspila að tilgangurinn með rekstrinum sé fjáröflun til að koma í veg fyrir útgjöld sem annars þyrftu að koma úr ríkissjóði.

> ***„Þú myndir ekki undir neinum kringumstæðum átta þig á því að hann glímdi við spilafíkn."***



Alma glímdi sjálf við spilafíkn árum saman.

Posakerfið misnotað

Eins og sjá má á meðfylgjandi yfirliti voru flestar úttektirnar á veitingastaðnum Catalinu. Alma segir að posakerfið sé misnotað með þessum hætti og brýnt sé að setja hömlur á þessa úttektarleið. Gallinn sé að staðirnir sem hýsi spilakassanna fái hlutdeild af þeirri upphæð sem fari í þá. Árið 2018 hafi Happdrætti Háskóla Íslands og Íslandsspil greitt umboðsaðilum 845 milljónir króna í umboðslaun. Hún bendir á að engar reglur séu til um hámark úttekta í gegnum posa, öfugt við hraðbanka. Eigendur spilakassanna tali um að það sé rekstraraðilanna að setja sér reglur um hámarksúttektir en sjálf vill hún meina að ábyrgðin sé hjá eigendum spilakassanna. Þeir séu leyfishafarnir.

„Það er ekkert eftirlit með neinu sem snýr að þessum spilakössum. Það þarf enginn að segja mér að fólkið á þessum stöðum sjái ekki hvað er í gangi – og að það haldi að þarna sé heilbrigt fólk að leggja frjáls framlög til styrktar Háskóla Íslands, Rauða krossins, Landsbjargar og SÁÁ," segir Alma. Hún segir það algenga möntru að spilafíklar séu ómenntað fólk án vinnu. „Þetta eru oft mjög tekjuháir einstaklingar, sem jafnvel vinna í tveimur til þremur aukastörfum til að fjármagna spilin," útskýrir hún. „Öll innkoman fer í spilakassanna."

Þeir veikustu noti spilakassa

Rannsóknir benda til að á bilinu sjö til tólf þúsund manns á Íslandi glími við alvarlega spilafíkn. Alma segir að af þeim stundi um tveir þriðju hlutar spilakassa. Það séu veikustu einstaklingarnir. Hún bendir á að spilafíkn sé viðurkenndur sjúkdómur en þrátt fyrir það séu engin úrræði í boði, nema helgarfyrirlestrar hjá SÁÁ. „Þetta er hryllilegur sjúkdómur. Prófaðu að fara á þessa staði, það vill enginn tala við þig. Það skammast sín allir fyrir að vera þarna. Þarna eru allir að spila fyrir grunnframfærsluna sína."

Hún gagnrýnir harðlega að neyð spilafíkla skuli af eigendum Íslandsspila og Háskóla Íslands vera notuð með þessum hætti. „Við getum ekki unað við það lengur að það sé verið að níðast á spilafíklum í fjáröflunarskyni."

Dagsetning		Staður	Útborgun	Tími
11.júl	Kort	CATALINA	40.000	22:58
11.júl	Kort	CATALINA	40.000	23:16
11.júl	Kort	CATALINA	50.000	23:29
11.júl	Kort	CATALINA	40.000	00:35
11.júl	Kort	CATALINA	40.000	00:49
11.júl	Kort	VIDEOMARKAÐURINN	30.000	09:21
11.júl	Kort	VIDEOMARKAÐURINN	30.000	09:29
11.júl	Kort	VIDEOMARKAÐURINN	25.000	11:21
11.júl	Kort	VIDEOMARKAÐURINN	25.000	11:29
11.júl	Kort	VIDEOMARKAÐURINN	25.000	11:37
11.júl	Kort	CATALINA	50.000	15:10
11.júl	Kort	CATALINA	50.000	16:38
11.júl	Kort	CATALINA	50.000	17:09
11.júl	Kort	VIDEOMARKAÐURINN	25.000	18:08
11.júl	Kort	VIDEOMARKAÐURINN	25.000	18:20
11.júl	Kort	HÁSPENNA	50.000	20:54
12.júl	Kort	HÁSPENNA	30.000	22:47
12.júl	Kort	HÁSPENNA	15.000	22:57
12.júl	Kort	VIDEOMARKAÐURINN	30.000	11:09
12.júl	Kort	VIDEOMARKAÐURINN	30.000	12:23
12.júl	Kort	VIDEOMARKAÐURINN	30.000	12:33
12.júl	Kort	VIDEOMARKAÐURINN	25.000	12:48
12.júl	Kort	CATALINA	50.000	13:19
12.júl	Kort	CATALINA	50.000	14:02
12.júl	Kort	CATALINA	50.000	14:23
12.júl	Kort	CATALINA	50.000	14:35
12.júl	Kort	VIDEOMARKAÐURINN	30.000	15:12
12.júl	Kort	VIDEOMARKAÐURINN	25.000	16:03
12.júl	Kort	CATALINA	50.000	16:37

Skjáskot úr bankayfirliti einstaklingsins sem Alma hefur birt.

BIRTÍNGUR EHF
Útgáfufélag - Síðumúla 28, 108 Reykjavík S: 515 5500

Lumar þú á frétt?
Sendu ábendingu á ritstjórn@birtingur.is

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Halldór Kristmannsson - **Framkvæmdastjóri:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir
Útgáfustjóri Mannlífs: Roald Viðar Eyvindsson - **Fréttastjóri:** Hólmfríður Gísladóttir - **Ritstjórar tímarita:** Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir, Steingerður Steinarsdóttir - **Blaðamenn:** Baldur Guðmundsson, Ragna Gestsdóttir, Friðrika Benónýsdóttir
Umbrot og hönnun: Ivan Burkni - **Forsíða Mannlífs:** Unnur Magna - **Auglýsingar:** auglysingar@birtingur.is
Prentun: Landsprent - **Dreifing:** Póstdreifing

Meira
öskudags



Viddi

4.999 kr/stk



Hvolpasveitin

4.999 kr/stk



Frozen Ólafur

5.999 kr/stk



Bósi Ljósár

4.999 kr/stk



Spiderman

1.499 kr/stk



Frozen Elsa

3.999 kr/stk




Kapteinn Ameríka

5.999 kr/stk

HAGKAUP

Texti / Baldur Guðmundsson



Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað mjög hratt síðustu ár. Að meðaltali kostar íbúð sem kostaði 30 milljónir í desember 2015 41,6 milljónir króna í desember 2019.

Mynd / Hákon Davíð Björnsson

Endurfjármögnun getur lækkað vaxtakostnað um hundruð þúsunda

Lífeyrissjóðirnir hafa margir snarlækkað vexti á húsnæðislánum undanfarin misseri, samhliða lækkandi stýrivöxtum. Á allra síðustu árum hefur húsnæðisverð á höfuðborgarsvæðinu hækkað hratt umfram verðlag. Þetta hefur skapað góð skilyrði til endurfjármögnunar, sem ýmist getur haft í för með sér lægri vaxtagreiðslur eða styttri lánstíma.

Eigandi 50 milljóna króna blokkaríbúðar með hefðbundna lánasamsetningu hjá einum af viðskiptabönkunum þremur, getur sparað sér 650 þúsund krónur á ári í vaxtagreiðslur ef hann endurfjármagnar húsnæðislánið sitt og velur lán hjá einum af þeim lífeyrissjóðum sem býður verðtryggð lán á lægri vöxtum. Þetta er niðurstaða athugunar Mannlífs en umrætt dæmi má sjá á blaðsíðu sex. Vextir húsnæðislána hafa aldrei verið lægri.



Breki Karlsson , formaður Neytendasamtakanna *Mynd / Haraldur Guðjónsson*

Eina leiðin til að bera saman kostnað við lán er að horfa á árlega hlutfallstölu kostnaðar. Það er kostnaður lánsins með öllum gjöldum.

Þetta er vitanlega háð ýmsum forsendum en meginforsendur eru þær að viðkomandi eigi 30 til 35 prósenta eignarhlut í íbúð sinni, eigi lántökurétt í einum af þeim lífeyrissjóðum sem býður hagstæð kjör, sé ekki með uppgreiðslugjald á lánum sínum og standist greiðslumat. Þeir sem eiga dýrari eignir geta horft fram á enn meiri ávinning af endurfjármögnun en nefnt er hér að framan, en það veltur meðal annars á þeim vaxtakjörum sem þeir hafa fyrir og hvenær þeir tóku þau íbúðalán sem þeir borga af í dag.

Formaður Neytendasamtakanna, Breki Karlsson, hvetur fólk til að bera saman lánakjör og freista þess að lækka vaxtabyrðina. Hann hvetur fólk þó til að horfa líka á annan kostnað við lántöku en vexti. „Það eru tækifæri, bæði hjá lífeyrissjóðum og bönkunum, að lækka vaxtabyrðina verulega," segir Breki við Mannlíf. Hann bendir á að eitt prósentustig í vöxtum muni 10 þúsund krónum á hverju ári fyrir hverja milljón sem fólk skuldar. Því sé eftir miklu að slægjast.

Breki hvetur fólk til að bera saman þau lánakjör sem það hefur í dag og þau lán sem standa til boða í kjölfar vaxtalækkana. Hann varar fólk hins vegar við að horfa aðeins í vaxtaprósentuna og nefnir að uppgreiðslugjald, lántökukostnaður og gjöld vegna greiðsluseðla, geti skekkt myndina. „Eina leiðin til að bera saman kostnað við lán er að horfa á árlega hlutfallstölu kostnaðar. Það er kostnaður lánsins með öllum gjöldum," útskýrir hann. Allir lánveitendur eru skyldugir til að gefa þessa tölu upp við lánaútreikninga. Hvað uppgreiðslugjald varðar bendir Breki fólki á að lögum samkvæmt geti viðskiptavinir greitt allt að einni milljón inn á lán án þess að vera rukkaðir um uppgreiðslugjald.


Vextir hríðlækkað frá síðasta sumri

Vextir á Íslandi hafa lækkað mikið undanfarin misseri. Seðlabankinn hefur áhrif á vexti á peningamarkaði í gegnum ákvörðun vaxta í viðskiptum sínum við lánastofnanir, sem síðan hafa áhrif á aðra markaðsvexti. Á árunum 2012 til vorsins 2019 voru stýrivextir Seðlabankans yfirleitt á bilinu 4,5 til 5 prósent. Fimm prósent vextir af einni milljón jafngildir því að greiða 50.000 krónur í vexti af því láni. Frá sumrinu 2019 hafa stýrivextirnir lækkað mikið. Núna standa þeir í 2,75 prósentum. Sá sem skuldar eina milljón og greiðir vexti í samræmi við stýrivexti, greiðir í dag 27.500 krónur á ári í vexti. Vaxtabyrðin hefur því nánast lækkað um helming frá því sem var á árunum 2012 til 2019.

HVAÐ ER ENDURFJÁRMÖGNUN?
Endurfjármögnun kallast það þegar nýtt húsnæðislán er tekið og það notað til að greiða upp núverandi lán eignarinnar. Oft er einfalt að endurfjármagna, sérstaklega þegar skipt er við sömu lánastofnun. Þá verður pappírsvinnan minni. Oft getur endurfjármögnun minnkað mánaðarlega greiðslubyrði til muna.

Mikill vaxtamunur á milli stofnana

Á vefsíðunni Aurbjörg.is má bera saman vexti á húsnæðislánum. Þar má sjá, þegar horft er á verðtryggð lán með breytilegum vöxtum, að kjörin eru mjög misjöfn á milli lánastofnana. Þrír lífeyrissjóðir, Birta, Festa og Stapi bjóða


Cheerios
Morgunkorn úr heilum höfrum
Glútenlaust
Cheerios síðan 2006
Bríet, tónlistarkona

Fréttaskýring

FJÁRMÁL

undir 2 prósent vexti á húsnæðislánum. Birta, sem er sá lífeyrissjóður sem iðnaðarmenn greiða í, býður þeirra best, eða 1,69 prósent. Vextir viðskiptabankanna þriggja; Landsbankans, Íslandsbanka og Arion banka, eru á bilinu 3,2 til 3,5 prósent, þegar um verðtryggða breytilega vexti fyrir húsnæðislán er að ræða. Taka skal fram að þeir bjóða viðskiptavinum sínum almennt hærra lánshlutfall af verðgildi húsnæðisins. Á því eru þó undantekningar. Því skal til haga haldið að Landsbankinn og Arion banki bjóða best þegar skoðuð eru verðtryggð lán með föstum vöxtum.

HVERJIR BJÓÐA BESTU VEXTINA?

*-Verðtryggðir, breytilegir vextir húsnæðislána**

Birta 1,69%
Festa 1,7%
Stapi 1,9%
Frjálsi 2,05%
SL 2,19%
LSR 2,3%
Brú 2,3%
Almenni 2,3%
• • • •
Landsbankinn 3,2%
Íslandsbanki 3,3%
Arion banki 3,49%

**Athugið að lántökuskilyrði eru ólík á milli lánastofnana, lánshlutfall er breytilegt og kostnaður við lántöku mismunandi.*

Munurinn á verðtryggðum og breytilegum vöxtum Arion banka og Birtu er mikill þegar greitt er af tugum milljóna. Sá sem skuldar 30 milljónir króna verðtryggt lán með breytilegum vöxtum greiðir 507 þúsund krónur árlega í vexti hjá Birtu en eina milljón og 47 þúsund krónur hjá Arion banka, samkvæmt lánareiknivélum. Þarna munar 540 þúsund krónum á ári, eða 45 þúsund krónum á mánuði.

Hröð eignamyndun

Vísitala íbúðaverðs á höfuðborgarsvæðinu hefur hækkað mjög hratt síðustu ár. Að meðaltali kostar íbúð sem kostaði 30 milljónir í desember 2015 41,6 milljónir króna í desember 2019. Það er 38,6 prósenta hækkun. Á sama tímabili hefur almennt verðlag aðeins hækkað um 9,8 prósent. Íbúðaverð hefur því hækkað mikið umfram almennt verðlag í landinu. Húsnæðið hefur með öðrum orðum hækkað miklu meira en lánin.

Þessi hraða hækkun fasteignaverðs hefur leitt af sér mikla eignamyndun þeirra sem eiga húsnæði, á höfuðborgarsvæðinu sérstaklega. 30 milljóna króna íbúð, keypt í desember 2015, hefur þannig hækkað um 11,6 milljónir króna. 21 milljón króna verðtryggt lán, sem hvílir á sömu íbúð, stendur í liðlega 23 milljónum í dag, þegar horft er fram hjá afborgunum. Með öðrum orðum gæti sá sem átti 10 milljónir í umræddri íbúð í lok árs 2015, átt 16,5 milljónir í íbúðinni í dag.

Þessi þróun spilar lykilhlutverk í þeirri stöðu sem upp er komin á lánamarkaði í dag. Sá sem fékk grunnlán hjá Landsbankanum fyrir 70 prósent af kaupverði áðurnefndrar 30 milljóna króna íbúðar, í desember 2015, fékk 21 milljón að láni. Segjum að hann hafi fjármagnað næstu 15 prósent, eða 4,5 milljónir, með viðbótarláni, eða -lánum, á hærri vöxtum. Hann hefði samtals skuldað 25,5 milljónir króna. Þær milljónir gætu í dag staðið í um það bil 28 milljónum, vegna verðbóta. Eignarhlutur hans, sem var 15 prósent fyrir fjórum árum, stendur í um það bil 32,7 prósentum þessum fjórum árum síðar.

Í dag er íbúðin hans, ef um dæmigerða eign á höfuðborgarsvæðinu er að ræða, um það bil 41,6 milljóna króna virði. Það þýðir að hann gæti, með því að greiða upp lánið með nýju lánsfé (endurfjármögnun) fengið milljónirnar 28 allar í formi grunnláns, á mun hægstæðari vöxtum en hann fékk viðbótarlánin á áður. Og vegna þess hve lífeyrissjóðirnir hafa lækkað verðtryggða, breytilega vexti sína mikið undanfarin misseri, gæti grunnlánið hjá einum af þeim lífeyrissjóðum sem bjóða hagstæða verðtryggða vexti, orðið mun hagstæðara til afborgunar en áður. Hann gæti ýmist lækkað vaxtagreiðslur sínar verulega – og um leið greiðslubyrði – eða stytt lánstímann svo um munar.

Ýmis skilyrði fyrir lántöku

Hér til hliðar má lesa raunverulegt dæmi um fólk sem á kost á því að helminga vaxtagreiðslur sínar, með endurfjármögnun hjá einum af þeim lífeyrissjóðum landsins sem býður hvað bestu kjörin á verðtryggðum húsnæðislánum með breytilega vexti.

Hafa ber í huga að ýmis skilyrði geta komið í veg fyrir að fólk geti endurfjármagnað. Flestir lífeyrissjóðirnir lána 70 prósent af kaupverði eða fasteignamati en bankarnir lána á bilinu 80 til 85 prósent. Sum lán bera uppgreiðslugjöld, stundum 1 prósent, en ganga þarf úr skugga um það áður en til endurfjármögnunar kemur. Margir sjóðir eru einnig með það skilyrði að lántaki eigi aðild að sjóðnum, áður en lán er veitt.

Íslendingar illa læsir á fjármál

Breki segist ekki hafa skýringar á þeim mikla mun sem er á vöxtum verðtryggðra íbúðalána á milli lánastofnana. Hann nefnir þó að bankarnir hafi stundum borið fyrir sig að bankaskattur sé lagður á þá, á meðan lífeyrissjóðirnir greiði ekki slík gjöld. Það geti þó ekki skýrt allan muninn. Þá bendir hann á að lífeyrissjóðirnir láni ekki öllum. Í flestum tilvikum þarf lántaki að eiga aðild að sjóðnum til að fá lán. Þeir láni auk þess lægra hlutfall af íbúðaverði. „Við hvetjum alla til að leita ódýrustu leiða þegar kemur að lánum," segir Breki. Hann segir enga ástæðu til að halda tryggð við lánastofnanir. „Peningar eru bara peningar."

Breki hefur gert rannsóknir á fjármálalæsi Íslendinga. Í rannsókn sem hann gerði árið 2014 kom fram að fjármálalæsi Íslendinga væri verulega ábótavant. „Það eru mikil tækifæri fyrir okkur að efla fjármálalæsi þjóðarinnar. Það eru víða kistur fullar af gulli sem einfalt er að leita að," segir hann.

Breki segir að tryggingar séu dæmi um annan kostnaðarlið heimila sem hægt sé að lækka umtalsvert. Hann segist sjálfur leita tilboða í tryggingar sínar á hverju einasta ári. „Þetta er að jafnaði best borgaði hálftími ársins," segir hann. „Ég er það leiðinlegur kúnni að ég leita tilboða á hverju ári."

Hann nefnir að tryggingar hækki oft mikið á milli ára og að það geti margborgað sig að færa sig á milli félaga, sem bjóði sömu tryggingarnar. Áskriftarleiðir símafyrirtækjanna, fyrir síma og Internet, er annar útgjaldaliður sem vert er að gefa gaum, að mati Breka. Hann segir allt of mörg dæmi um að fólk haldi sig við gamlar áskriftarleiðir sem hafi hækkað. Margir greiði fyrir vikið allt of há áskriftargjöld.

„Það er mjög oft hægt að færa sig á milli fyrirtækja og fá miklu hagstæðari kjör. Þetta er kostnaður sem safnast þegar saman kemur. Þetta er bæði einföld og fljótleg leið til að spara."

Lækka vaxtagreiðslur um 650.000 á ári



■ Mannlíf fékk að skoða íbúðalán hjá fólki sem keypti sér rétt tæplega 100 fermetra blokkaríbúð í Kópavogi 2015. Fólkið endurfjármagnaði síðast í janúar 2019, og greiddi þá upp dýrasta íbúðalánið. Eftir stóðu tvö lán, hjá Landsbankanum. Annars vegar er um að ræða 29,8 milljóna króna verðtryggt grunnlán með 3,2 prósenta breytilegum vöxtum og jöfnum greiðslum. Lánum sem greidd eru niður með jöfnum greiðslum er stillt þannig upp að alltaf er greidd sama upphæð á gjalddaga út lánstímann, hlutfall vaxta og höfuðstóls er hins vegar mismunandi eftir því sem á líður. Til að byrja með vega vaxtagreiðslur þyngra og afborganir lítið en smám saman eftir því sem líður á lánstímann og höfuðstóll lánsins minnkar þá dregur úr vægi vaxtagreiðslna en vægi afborgana fer hækkandi. Lánið er til 30 ára. Af þessu láni er mánaðarleg greiðslubyrði 132 þúsund krónur, þar af fara tæplega 51 þúsund krónur mánaðarlega í vexti.

Hitt lánið er óverðtryggt með 7,5 prósenta vöxtum. Lánið stendur í 4,85 milljónum króna. Mánaðarleg greiðsla er um þessar mundir um 56 þúsund krónur. Þar af er vaxtagreiðsla rúmlega 28 þúsund. Lánið er til 15 ára og afborganir eru jafnar. Þegar lán er greitt niður með jöfnum afborgunum greiðir lántaki alltaf sömu upphæð af höfuðstól lánsins, lántaki greiðir því lægri vexti eftir því sem höfuðstóll lánsins lækkar. Af þessu leiðir að greiðslur af láni sem greitt er niður með jöfnum afborgunum eru hærri til að byrja með heldur en af láni sem er greitt niður með jöfnum greiðslum, en lækka þegar líður á lánstímann.

Greiða í dag 1,3 milljónir í vexti

Samanlagt greiðir fólkið 188 þúsund krónur af lánunum tveimur mánaðarlega en þar af nema vaxtagreiðslur 80 þúsund krónum. Fólkið skuldar samtals 34,3 milljónir króna en áréttað skal að 14 prósent lánsupphæðarinnar hjá Landsbankanum eru óverðtryggð. Óverðtryggð lán bera hærri vexti en verðtryggð. Á ársgrundvelli greiðir fólkið því eina milljón og 296 þúsund krónur í vexti, miðað við núverandi vaxtastig og stöðu þessara tveggja lána.

Eignarhlutur fólksins í íbúðinni er rúmlega 30 prósent. Lántakinn hefur lántökurétt hjá Stapa lífeyrissjóði, sem er einn af þeim þremur lífeyrissjóðum sem bjóða verðtryggð húsnæðislán með undir tveggja prósenta vöxtum. Hjá Stapa býðst lántakanum að taka eitt lán fyrir þeirri upphæð sem hvílir á íbúðinni. Vaxtakjörin hjá Stapa eru 1,9 prósent, ef valið er verðtryggt lán með breytilegum vöxtum. Lánstíminn er 30 ár. Mánaðarleg greiðsla af þessu láni er að jafnaði um 126 þúsund krónur. Þar af nemur greiðsla vaxta 54 þúsund krónum, rúmum.

Þetta þýðir að á ársgrundvelli getur þetta fólk lækkað vaxtagreiðslur sínar um sléttan helming en hafa ber í huga að öll lánsupphæðin verður verðtryggð. Verðbætur bætast þá við þann 14 prósenta hluta sem áður var óverðtryggður. Vextirnir lækka úr 108 þúsund krónum á mánuði í 54 þúsund. Samtals lækkar greiðslubyrðin, miðað við að lánið sé til 30 ára eins og grunnlán Landsbankans, um 746 þúsund krónur á ári. Þar af lækkar vaxtabyrðin um um það bil 648 þúsund krónur.


Val um að stytta lánstímann

Það er ekki endilega eftirsóknarvert fyrir alla að hafa greiðslubyrði lána sem lægsta. Fólkið gæti líka valið að endurfjármagna íbúðina með lántöku hjá Stapa, halda mánaðarlegri greiðslubyrði óskertri, en stytta lánstímann. Fólkið getur stytt lánstímann niður í 18 ár (úr 30) ef það vill halda áfram að greiða um 190 þúsund krónur á mánuði af íbúðalánum. Þá mun það eiga íbúðina að fullu árið 2038.

Þess má geta að Stapi lánar að hámarki 70 prósent af kaupverði eða nýjasta fasteignamati. Til að eiga lántökurétt í Stapa er skilyrði að greitt hafi verið minnst síðustu þrjá mánuði í samtryggingardeild sjóðsins. Þær upplýsingar fengust hjá Stapa, við vinnslu þessarar greinar, að þeir sem ekki eru skyldaðir til að greiða í aðra lífeyrissjóði í lögum, kjarasamningum eða ráðningarsamningum ættu að geta greitt til Stapa. Eftir því sem Mannlíf kemst næst gilda sambærileg skilyrði um fleiri lífeyrissjóði.

SVONA LÆKKAR GREIÐSLUBYRÐIN

Mánaðarleg greiðslubyrði getur lækkað verulega við endurfjármögnun



Hér er raunverulegt dæmi um hvernig greiðslubyrði fólks með verðtryggt grunnlán hjá Landsbankanum upp á 29,8 milljónir (3,2% breytilegir vextir til 30 ára) og óverðtryggt 4,5 milljóna króna aukalán (7,5% vextir til 15 ára) getur lækkað með því að taka eitt 30 ára lán hjá Stapa. Lánin eru fyrir um 50 milljóna króna íbúð. Vegna örrar hækkunar fasteignaverðs, umfram hækkunar verðlags, rúmast nú öll skuldin undir 70% veðhlutfalli nýs verðtryggðs láns til 30 ára með 1,9% vöxtum hjá Stapa. Súlan til hægri sýnir svo endurfjármögnun hjá Landsbankanum, miðað við eitt 30 ára verðtryggt grunnlán, með 3,2% breytilegum vöxtum. Athugið að uppfylla þarf lánareglur og standast greiðslumat til að taka nýtt lán. Þá getur uppgreiðslugjald eldri lána verið til trafala. Athugið einnig að lántökugjöld eru mishá rétt eins og kostnaður vegna greiðsluseðla.

KEA

SKYR

ÞRJÁR LEIÐIR TIL AÐ NJÓTA



ÞETTA GAMLA GÓÐA



KOLVETNASKERT



ÁVEXTIR Í BOTNINUM



Texti / Ragna Gestsdóttir Myndir / Aðsendar



Innlent
KJARAMÁL

HVERNIG GETUR FÓLK LIFAÐ Á ÞESSUM LAUNUM

Þeir 1.900 starfsmenn Eflingar sem starfa hjá Reykjavíkurborg standa nú í verkfallsaðgerðum til að knýja á um bætt launakjör. Vinnustöðvunin hefur staðið yfir í fimm virka daga á síðustu tveimur vikum og frá og með mánudeginum 17. febrúar leggja þessir 1.900 starfsmenn niður vinnu frá klukkan 00.01 og ótímabundið eftir það. Það er ef ekki verður samið fyrir þann tíma.

Mannlíf ræddi við tvo félagsmenn Eflingar sem taka þátt í verkfallsaðgerðum. Bæði hafa þau unnið í fjölda ára á leikskólum hjá Reykjavíkurborg en ná þó ekki endum saman. Annar vinnur aukavinnu nær alla daga mánaðarins til að geta staðið við skuldbindingar sínar. Samkvæmt upplýsingum frá Eflingu eru dagvinnulaun félaga sem starfa hjá Reykjavíkurborg á bilinu 290.390 kr. til 453.700 kr. á mánuði, miðgildi dagvinnulauna er 332.940 kr. á mánuði. Hér er talað um dagvinnulaun, fyrir frádrátt skatta og annarra gjalda.

[Einstaklingarnir tveir sem rætt er við eru með um 270.000–280.000 kr. útborgað mánaðarlega.]

Fólk á að geta haft svigrúm með launin sín, sama hvaða starfi það gegnir.

Michael Bragi Whalley er 36 ára gamall og hefur starfað á leikskólanum Hömrum í 19 ár. Hann er leiðbeinandi 2 á Hömrum og situr auk þess í samninganefnd Eflingar. Michael hefur unnið aukavinnu í 11 ár til að geta greitt mánaðarlega reikninga og ná endum saman.

„Ég fór í starfskynningu hér þegar ég var við nám í Borgarholtsskóla og starfið heillaði mig alveg, að vinna með börnum," segir Michael aðspurður um af hverju hann valdi þetta starf. Hann byrjaði sem sumarstarfsmaður og síðan í aukavinnu með námi, og hóf svo að vinna þar í fullu starfi eftir nám.

Michael hefur farið á hin og þessi fagnámskeið sem hafa bætt launakjör hans að einhverju leyti. „En við erum þá bara að tala um pínulitla hækkun á launum, maður gerir það sem þarf til að fá aðeins meira í vasann. Síðan er það reynslan og starfsaldurinn sem er metið. Þeir sem byrja ófaglærðir fara í launaflokk „starfsmaður 2" sem eru með þeim lægst launuðu í Reykjavík í dag og við erum að berjast við að hækka allverulega, ásamt öðrum launum innan Eflingar," segir hann.


Michael Bragi Whalley vinnur í leikskóla alla daga og fjóra daga í viku og aðra hvora helgi starfar hann sem þjónustufulltrúi í fjarskiptafyrirtæki.

„Leikskóli er góður vinnustaður til að vinna á, ef maður setur launin til hliðar. Starfsmannakjarninn hér á Hömrum hefur verið sá sami, þannig að ég hef unnið með sama fólkinu, sama kjarnanum öll árin sem tíðkast ekki mikið á leikskólum ef miðað er við launakjörin. Hér er góður starfsandi og frábær leikskólastjóri og samstarfsmenn."

Tvö störf í 11 ár

Michael vinnur í leikskólanum frá klukkan 8–16 en fjóra daga í viku starfar hann sem þjónustufulltrúi í fjarskiptafyrirtæki frá klukkan 16.45–20 og aðra hvora helgi vinnur hann þar frá klukkan 12–19.

„Ástæðan fyrir því að ég hef unnið í 19 ár á leikskóla er sú að 11 ár af þeim tíma hef ég unnið tvær vinnur. Ástæðan fyrir því að ég hef haldist við í leikskólanum er sú að ég er í aukavinnu og ég þarf að gera það til að geta borgað húsnæðislánin, til að geta borgað reikninga og geta átt ofan í fjölskylduna og á," segir Michael sem á konu og stjúpdóttur í framhaldsskóla. „Tími minn með fjölskyldunni er mjög lítill og hefur verið það seinustu árin. Ég hefði viljað eiga meiri tíma með fjölskyldunni."

Michael fær útborgað frá leikskólanum 290 þúsund krónur á mánuði. Eftir greiðslu húsnæðisláns, bílaláns og annarra reikninga, á hann 60 þúsund krónur eftir af þeim launum. „Þannig að það er mjög lítið eftir sem á að duga út mánuðinn. Þess vegna þarf ég að vinna tvö störf. Það kostar að reka bíl, það kostar allt, föt á barnið og allt," segir Michael.

„Ef ég væri einn ætti ég ekki bíl og staðreyndin er sú að ef ég væri einn væri ég ekki með húsnæðislán. Það fer enginn í gegnum greiðslumat á svona launum. Ég hef verið á leigumarkaði áður en mestmegnis búið í foreldrahúsum. Ég og konan værum ekki í eigin húsnæði nema vegna aðstoðar frá foreldrum mínum við að komast í gegnum greiðslumat," segir hann.

„Dagur etur saman faglærðu og ófaglærðu fólki"

Hann segir að langstærsti hluti þeirra sem vinna á þessum launum séu konur, eins og Sólveig Jónsdóttir formaður Eflingar hafi margnefnt. „Launin eru frá 230–260 þúsund krónur útborgað á mánuði, og á þessum launum borgar fólk leigu. Hvernig getur fólk lifað á þessum launum, þetta er ekki hægt. Þetta eru mestmegnis konur og fjöldi þeirra eru einstæðar mæður," bendir Michael á. „Það er búið að skora á Dag B. Eggertsson borgarstjóra að svara því hvort að hann geti lifað á þessum launum, hann vill ekki svara, hann hlýtur að vita upp á sig sökina," heldur hann áfram.

Aðspurður út í orð borgarstjóra um höfrungahlaup, segir hann að það orð sé fyrst og fremst barnaleikur. „Þannig að það er svolítið verið að skemma það orð fyrir börnum. Ég er ekki sammála Degi og hann hefur greinilega ekki kynnt sér kjörin sem Eflingu eru boðin í dag. Dagur er bara að spila leiðinlegan leik, hann etur saman faglærðu og ófaglærðu fólki og reynir að fá þá faglærðu inn í deiluna. Hann hagar sér bara leiðinlega og barnalega. Það er opinbert að Dagur er með 2,2 milljónir í laun á mánuði, gæti hann skipt á launum við einstakling sem er með 260 þúsund krónur á mánuði? Fólk á að geta haft svigrúm með launin sín, sama hvaða starfi það gegnir, sérstaklega fólk sem er í 100 prósent starfi."

BÆTIR ANDRÚMSLOFTIÐ



Hvernig getur fólk lifað á þessum launum, þetta er ekki hægt

Ég flutti til Íslands frá Póllandi og byrjaði á að þrífa hótel, þar var ég í sex ár. Síðan fór ég í fæðingarorlof í eitt ár. Þegar ég fór að leita að vinnu eftir fæðingarorlofið þá benti vinkona mín mér á að sækja um vinnu á leikskóla," segir Elzbieta Kolacz. „Ég vildi læra íslenskuna betur og vinkona mín sagði að vinnan á leikskólanum væri góð leið til þess og svo var þetta tækifæri til að fá pláss fyrir barnið mitt. Ég elska líka börn."

Elzbieta, sem er með stúdentspróf frá Póllandi, byrjaði að vinna í eldhúsi á leikskóla, en síðan var henni boðið að vinna inni á leikskóladeild þar sem hún hóf starf sem leiðbeinandi. Í dag er hún svokallaður starfsmaður 2.

Tveggja ára nám skilar litlu í launaumslagið

Elzbieta hefur tekið námskeið, fyrst voru það íslenskunámskeið til að ná betri tökum á tungumálinu. „Fyrir ári síðan reyndi ég að fara í Leikskólabrú en það var svolítið erfitt fyrir mig bæði vegna tungumálsins og eins vegna þess að námið var kennt á laugardögum en ég var þá í aukavinnu og þetta gekk ekki vel. Ég byrjaði en hætti," segir Elzbieta. „Ég kannaði líka hvað launin mín myndu hækka eftir að náminu var lokið og fékk þau svör að það væri kannski 5.000 krónur brúttó. Og það var eiginlega ekki möguleiki fyrir mig að halda áfram námi sem tekur tvö ár. Vinkona mín ákvað samt að láta sig hafa það og hélt áfram."



Elzbieta Kolacz.

Elzbieta á mann og einn son sem er 14 ára. Maður Elzbietu vinnur einnig hjá Reykjavíkurborg og í láglaunastarfi. Elzbieta vinnur frá kl. 9-17 og fyrir þann vinnutíma fær hún útborgaðar 270-280 þúsund krónur. „Stundum er smávegis yfirvinna eða eitthvað auka," segir hún.

Fjölskyldan er í leiguhúsnæði, sem þau greiða 230.000 krónur fyrir, áður voru þau með bílalán sem er uppgreitt. „Svo eru það bara þessir venjulegu reikningar; rafmagn, matur í skólanum og slíkt. Reikningarnir eru kannski ekki margir, en öll launin mín fara í þá," segir Elzbieta. „Ég er í sjúkraþjálfun og hana þarf að greiða og nýlega fór ég í hnéaðgerð."

Fjölskyldan leyfir sér ekki mikið. Sonurinn er í skátunum og Elzbieta segir að á nokkurra mánaða fresti þá fari þau í bíó. „Stundum förum við í IKEA og borðum, stundum vill sonurinn panta sér pizzu. Stöku sinnum biður hann um eitthvað meira og þá verð ég að segja, „því miður, það verður að bíða þar til í næsta mánuði." Við erum eiginlega alltaf á núlli, stundum er smávegis peningur eftir, en aldrei nóg til að spara eitthvað," segir Elzbieta og bætir við að af og til finni hún sér aukavinnu þegar spara þarf fyrir ferð. Þá leyfa þau sér að fara í frí til Póllands til foreldra sinna, en ekkert annað því slíku hafa þau ekki efni á.

„Stundum þegar er til smávegis peningur þá leyfum við okkur eitthvað, eins og um daginn þegar við keyptum okkur örbylgjuofn. Á nokkurra mánaða fresti þá getum við kannski leyft okkur að kaupa eitthvað."


Reykjavíkurborg

Launaseðill nr. 01.2020 — Greiðsludagur 01.02.2020

Elzbieta Agnieszka Kolacz

Greiðslustaður xxxxxxx
xxxxxxx
Netfang: ebbieta

Samtölur launaseðils		Frádráttur
Greiðsla	394.636	727.576
Frádráttur	108.517	190.185
Útborgað	286.119	537.391

Uppgjörstímabil	Launaliður	Lífeyris-grp	Tala	Einingar	Reiknað nú	Samtals á árinu
SFS Nóatorg | starfsmaður 2						
01.02.20-29.02.20	Mánaðarlaun fyrirfram	2264	333.940	1,0000	333.940	667.880
11.12.19-10.01.20	Yfirvinna	2264	3.45758	4,25	14.695	14.695
01.01.20-31.01.20	Yfirvinna föst neysluhl.	2264	3.45758	10,0000	34.576	34.576
01.01.20-31.01.20	Samgöngusamningur	001	6.000000	1,0000	6.000	6.000
	Orlof á laun	2264	49.271	13,04%	6.425	6.425
				Greiðsla samtals	394.636	727.576

Staðgreiðslu	Einingar	Reiknað nú	Samtals á árinu	Frádráttur	Frádráttur nú	Samtals á árinu
Stofn til staðgreiðslu | þrep 1		336.916	643.221	Orlof lagt í banka	3.607	3.607
Stofn til staðgreiðslu | þrep 2		20.630	20.630	Framlag launa VIB	15.545	28.863
Samtals stofn til staðgreiðslu		357.546	663.851	Gildi - lífeyrissjóður	15.545	28.863
Reiknuð staðgreiðsla 1. þrep	35,04%	118.055	225.394	Efling, stéttarfélag	2.721	5.052
Reiknuð staðgreiðsla 2. þrep	37,99%	7.672	7.672	Staðgreiðsla	71.099	123.800
Samtals reiknuð staðgreiðsla		125.727	233.066	Frádráttur samtals	108.517	190.185
Nýttur persónuafsláttur	100,00%	-54.628	-109.256			
Framlag launagreiðanda:						
Framlag launa VIB		7.773	14.432			
Gildi - lífeyrissjóður		44.603	82.981			
Gildi - lífeyrissjóður		22.969	42.646			
Framlag launagreiðanda samtals:		75.435	140.059			
Orlofslaun til vörslu aðila		Áunnið 29.472	Áunnið árinu 3.607			

Efling – tölulegar staðreyndir

- Félagar eru um **27 þúsund**.
- Af þeim eru **1.900** starfandi hjá Reykjavíkurborg og ná yfirstandandi verkföll til þeirra allra.
- Undanþágur hafa verið veittar gagnvart hluta starfsemi á velferðarsviði en á því sviði starfa alls um **700** félagar í Eflingu.
- Dagvinnulaun félaga hjá Reykjavíkurborg eru á bilinu **290.390** til **453.700 kr**. á mánuði.
- Miðgildi dagvinnulauna er **332.940 kr**. á mánuði.

Réttur til verkfalla er grundvallarréttur vinnandi fólks. Markmið verkfalla er að knýja aðila til samninga með því að leggja niður störf að hluta eða að öllu leyti og lögum samkvæmt er þeim sem verkfallsboðun beinist gegn, óheimilt að stuðla að því að afstýra henni með nokkrum hætti. Stjórnandi sem beinir því til starfsmanna að taka að sér nýjar og/eða útvíkkaðar skyldur sökum verkfalls sem skollið er á, fremur með því verkfallsbrot.



HITTU OKKUR Á FACEBOOK / REKKJAN

KING KOIL

2020 LÍNAN



KOMDU OG UPPLIFÐU NÝJA TILFINNINGU
Í AMERÍSKUM HEILSURÚMUM.

★★★★★

SJÓN ER SÖGU RÍKARI

Rekkjan Heilsurúm | Ármúla 44 108 Reykjavík | 588-1955 | rekkjan@rekkjan.is | rekkjan.is

rekkjan
HEILSURÚM

Viðtalið

ERNA MARÍN BALDURSDÓTTIR





Ef þér er nauðgað þá ferðu ekki til Stígamóta til að ræða af hverju viðkomandi nauðgaði þér.

„Þetta viðmót hefur alltaf haft ógeðsleg áhrif á líf mitt“

Á æskuheimili Ernu Marínar Baldursdóttur var mikið um drykkju og ofbeldi.

Sjálf var hún misnotuð kynferðislega af stjúpföður sínum og stjúpsystur. Gögn sem hún hefur undir höndum sýna svart á hvítu að yfirvöldum var kunnugt um ástandið en aðhöfðust lítið. Þá segir Erna fagaðila ítrekað hafa brugðist sér þegar hún hefur viljað tala um ofbeldið sem hún var beitt af hendi konu.

Texti / Hólmfríður Gísladóttir Myndir / Unnur Magna
Förðun / Emilíanna Valdimarsdóttir, förðunarfræðingur fyrir Urban Decay á Íslandi

Viðtalið

ERNA MARÍN BALDURSDÓTTIR

Hún bara vill ekki vita af þessu. Ekki þá og ekki í dag. Hún bara afneitar veruleikanum.

Þetta er sagan hennar Ernu. Hún er sú eina sem er nafngreind, af tillitsemi við aðra þolendur, mögulega þolendur og nákomna sem hafa ekkert unnið sér til saka. Við hittumst fyrst á ritstjórnarskrifstofu Mannlífs, þar sem Erna stiklar á stóru: Hún man fyrst eftir að hafa verið misnotuð af stjúpföður sínum þegar hún var fjögurra ára gömul. Misnotkunin stóð yfir í fimm til sex ár, þangað til hún varð ítrekað svo veik að hún var lögð inn á spítala. Veikindin voru líkamleg en rakin til andlegrar heilsu Ernu vegna aðstæðna heima fyrir. Skömmu áður en þau gerðu vart við sig var hún misnotuð af stjúpsystur sinni í nokkur skipti.

Að sögn Ernu lá vitneskja fyrir um kynferðisofbeldið innan fjölskyldunnar. Stjúpinn hafði gert tilraun til að nauðga eldri systur hennar þegar Erna var fimm ára og systirinn ellefu ára. Vinkona systurinnar var í heimsókn og sagði frá. Atvikið var tilkynnt til lögreglu en málið dagaði uppi. Erna veit ekki hvers vegna. Hún segir að líklega hafi mamma hennar átt hlut að máli; hún vissi hvað var í gangi, segir Erna. Aðrir vissu að ástandið á heimilinu var ekki eðlilegt; endalaust djamm og drykkja. Erna man eftir því að hafa vaknað ein heima með litlu systur sinni, sem lá í rimlarúminu sínu með pelann sinn.

Enginn kom Ernu til bjargar. Gögn sem hún hefur undir höndum sýna að yfirvöld vissu þó um stöðuna á heimilinu; um drykkjuna og ofbeldið, sem var kynferðislegt, líkamlegt og andlegt.

Eins furðulega og það kann að hljóma þá er það ekki ofbeldið af hálfu stjúpans sem hefur skilið eftir sig verstu sárin. „Þetta var eiginlega eðlilegt. Þetta var það sem ég ólst upp við. Þetta var það sem ég upplifði og ég þekkti ekkert annað, af því að ég var ekki farin að hitta pabba aftur," útskýrir Erna en foreldrar hennar skildu að skiptum þegar hún var tveggja ára. Nei, það sem situr eftir er móðurástin sem hún þráði svo heitt en fékk aldrei að njóta og sú staðreynd að fá aldrei að vera þolandi þegar hún hefur reynt að gera upp kynferðisofbeldið af hendi stjúpsystur sinnar. Jafnvel ekki hjá fagaðilum. Viðbrögð þeirra segir hún hafa verið að finna skýringar, afsakanir, á því af hverju stjúpsystirin braut á henni.

„Þetta er ómeðvitað örugglega," segir hún þegar við ræðum síðar saman á fallegu heimili hennar í höfuðborginni. „En ég hef ekki lengur skilning á þessu." Atvikin áttu sér stað með þeim hætti að hún var leidd afsíðis þegar stjúpsystirin kom í heimsókn og látin gera hluti sem hana langaði ekki til. Hún var átta ára, stjúpsystirinn 17 ára. Þegar Erna hefur leitað til fagaðila með frásögnina bregðast þeir iðulega við með því að segja að stúlkan hafi líklega sjálf verið fórnarlamb. „Þetta viðmót hefur alltaf haft ógeðsleg áhrif á líf mitt. Ég er ekki komin til að ræða hvað sé að hjá þessari manneskju. Ef þér er nauðgað þá ferðu ekki til Stígamóta til að ræða af hverju viðkomandi nauðgaði þér." Hún bendir á að hún hafi aldrei lent í því að fagaðilar freistist til að útskýra ástæður þess að karlmenn hafi brotið á henni.

Þegar við hittumst fyrst fell ég sjálf í þessa gryfju; hlusta á frásögnina í fyrsta sinn og spyr, eins og blaðamaður sem er að leita útskýringa, hvort það sé mögulegt að ástæða þess að fagfólkið staldri við frásögnina af stjúpsysturinni sé ekki kynið heldur sú staðreynd að hún var sjálf barn, þótt aldursmunurinn hafi vissulega verið mikill. Það kemur vonleysissvipur á Ernu og hún lemur flötum lófunum í borðið. „Nú ert þú að gera þetta líka!" segir hún og óttast augljóslega að vera að hlaupa á enn einn vegginn. Fas hennar minnir mig á barn sem reynir í örvæntingu að tjá eitthvað mjög mikilvægt en fullorðna fólkið gefur sér ekki tíma til að hlusta og skilja.

„Ég var svo lítil ..."

Eftir útskýringar náum við saman og ákveðum að hittast aftur.

Ég spyr hana hvernig þetta byrjaði; hvort hún eigi einhverjar góðar minningar frá sama tíma. Já, segir hún. Það var stundum mikill gestagangur á heimilinu og skemmtilegar frænkur sem komu í heimsókn. Svo fannst henni gaman að fara í útilegur og leika sér við aðra krakka. Hún var félagslynt barn á þessum tíma og glöð. En allt átti þetta sínar skuggahliðar. Erna er ekki berorð í frásögnum sínum en þær eru átakanlegar engu að síður. Hún lýsir því hvernig stjúpinn sat á sloppnum í sófanum og tók hana í kjöltuna á meðan hún var á nærfötunum einum saman. Hvernig hann skreið inn í tjald og ofan á hana og þreifaði á líkama hennar í útilegunum.

„Ég fann alltaf fyrir einhverju röngu, einhverju óþægilegu. En ég gat ekki sett það í samhengi fyrr en ég var orðin aðeins eldri," segir hún um það hvernig hún upplifði þetta á sínum tíma, þegar hún var sem yngst. Það var mikil drykkja á heimilinu; kannski ekki dagdrykkja, segir Erna, en oft drukkið um helgar og „þá fór allt til helvítis." Hún talar um hörmungar sem blæddu út í næstu viku; barsmíðar og öskur og grát. „Ég náttúrlega lærði þarna að hlýða og varð bæld því ég sá hvernig hann níddist á systur minni," segir Erna. Og þá á hún ekki bara við líkamlegt ofbeldi. Sú minning sem virðist valda henni hvað mestum sársauka í dag er að hafa hlustað á systur sína gráta á meðan stjúpinn var að níðast á henni. Á meðan, segir hún, gætti móðir þeirra þess að vera upptekin í eldhúsinu.

En er hún viss um að mamma hennar hafi vitað hvað var í gangi?



Mynd sem Erna teiknaði á meðan hún lá inni á Barnaspítalanum. Hún birtist í bókinni Rækt.

Ellefu ára tók Erna þátt í hópastarfi hjá Stígamótum. Þarna lágu fyrir upplýsingar hjá yfirvöldum um aðstæður á heimili hennar og ofbeldið sem fór þar fram. Þá var ljóst að fleiri börn bjuggu þar eða voru gestkomandi. Enginn gerði neitt. Erna fór í viðtöl hjá ýmsum aðilum um ofbeldið og svo aftur heim til sín þar sem ofbeldið hélt áfram án inngripa.



„Já," svarar Erna og horfir á mig með svip sem segir: Auðvitað vissi hún þetta. „Hún var á heimilinu þegar þetta gerðist. Bæði ofbeldið og kynferðisofbeldið. Ég man bara eftir henni á heimilinu og fyrir utan það þá sögðum við henni þetta margsinnis." Og hvað sagði hún? Erna setur sig í stellingar móður sinnar og hummar og hváir. „Svo bara þegar við erum farnar að tala um þetta og þetta er farið að sjást utan á mér þá erum við systurnar sagðar geðveikar og eigum bágt og erum athyglissjúkar."

Erna segist afar ósátt við móður sína sem enn í dag vill ekki viðurkenna að nokkuð hafi átt sér stað. „Hún bara vill ekki vita af þessu. Ekki þá og ekki í dag. Hún bara afneitar veruleikanum." Erna segist telja sig muna eftir því að fullorðnir hafi reynt á sínum tíma að ræða ástandið við móður hennar en án árangurs.

Erna brotnar að lokum niður við að tala um mömmu sína. „Þetta gerði það að verkum að ég hætti að segja frá. Því ef það gerist ekkert þá hlýtur þetta að vera í lagi ... Ég er að bíða eftir að mamma elski mig og þegar maður er búin að reyna ... Maður upplifir geðveika höfnun. Það gerist ekki neitt og ég held að það sé það versta. Ég var á tímabili farin að halda að ég væri bara geðveik. Ég var svo lítil og var ekki eins og ég átti að mér að vera. Ég var orðin hokin og inni í mér, full af kvíða og vanlíðan. Þá hættir maður að tala; ég hætti að tala. Það var til einskis. Ég fékk alltaf bara höfnun."

Allir vissu en enginn gerði neitt

Eftir því sem næst verður komist kom mál fjölskyldunnar fyrst á borð yfirvalda þegar brot stjúpans gegn systur Ernu var tilkynnt til lögreglu þegar Erna er fimm ára. Elstu gögn sem hún hefur komist yfir um eigin mál eru frá 1987, þegar hún var 9 ára gömul. Þá var hún lögð inn á St. Jósefsspítalann með kviðverki en rannsóknir skiluðu litlu. Erna man hins vegar vel eftir veikindunum:

„Þarna vorum við nýkomin úr útilegu þar sem hann braut á mér og það var stanslaust fyllirí og vanrækslan algjör. Ég í blautum fötum og kalt. Ég fékk svakalega háan hita og lá bara í sófanum. Ég man eftir því að ég var marga daga ein og það var enginn heima til að sinna mér." Hana minnir að þetta hafi verið á sama tíma og lögregla var kölluð til vegna einhverra átaka á milli stjúpans og annars manns. Hann misnotaði Ernu enn á þessum tíma og hún man að hafa þarna í fyrsta sinn sagt opinberum aðila, einhverjum á spítalanum, fyrst frá. Þess er þó hvergi getið í gögnum.

Og talandi um gögnin: þau eru fá og götótt en sláandi engu að síður. Flest þeirra eru frá Hafnarfjarðarbæ en þau ná aðeins aftur til 1991, þegar Erna var orðin 13 ára, og urðu til í tengslum við „hegðunarvandamál" Ernu. Eflaust eru fleiri gögn til, um systur hennar, en Erna fær ekki aðgang að þeim og það ekki hennar að rekja þá sögu.

Wizar

...fyrir lífsins ljúfu stundir



Hægindastóllinn sem slegið hefur í gegn.

360° snúningur | innbyggður fótaskemill
hallanlegt bak | stillanlegur höfuðpúði

Fáanlegir **Wizar** litir

Verð frá
199.900 kr.

Vogue
FYRIR HEIMILIÐ

VOGUE FYRIR HEIMILIÐ | SÍÐUMÚLI 30 - REYKJAVÍK | HOFSBÓT 4 - AKUREYRI | 533 3500 | VOGUE.IS

Viðtalið

ERNA MARÍN BALDURSDÓTTIR

Og ég lá þarna og hann fékk bara að æða inn á stofuna þar sem ég var. Ég var vakandi en þóttist sofa og hann bara grenjaði eins og lítið barn og sagði fyrirgefðu, fyrirgefðu.

Það sem er sjokkerandi er ekki síst að af pappírunum frá barnaverndarnefnd Hafnarfjarðar að dæma var til staðar vitneskja um aðstæður á heimilinu; m.a. um að þar hefði átt sér stað kynferðisofbeldi og að þar byggju engu að síður enn börn á ýmsum aldri. Ekkert var hins vegar gert fyrr en Erna fór í uppreisn og varð „vandræðaunglingur“.

Í nótum starfsmanna barnaverndarnefndar er m.a. staðfest að bæði móðir og stjúpfaðir Ernu hafi átt við áfengisvandamál að stríða, að hann hafi leitað á systur hennar og að bæði hann og móðir Ernu hafi vitað að hún hafi verið beitt kynferðislegu ofbeldi af stjúpsystur sinni. Í gögnunum er einnig komið inn á brotin gegn systur Ernu sem kölluð eru „sifjaspell“, og segir m.a. í nótu starfsmanns barnaverndarnefndar eftir viðtal við móður Ernu: „Rætt um sifjaspellin gagnvart X, kæruna og hugsanleg áhrif. [Stjúpinn] hefði farið í viðtöl, hann hefði ekki verið dæmdur en þetta hefði verið mikið áfall fyrir sig. [Móðirin] var nokkuð viss um að hann myndi ekki fremja sifjaspell framar og taldi hann ekki hafa gert það.“

Vitnað er um mikla samskiptaörðugleika á heimilinu og ofbeldi þegar Erna og systir hennar voru yngri. Fram kemur að Erna hafi upplifað sig milli steins og sleggju þegar kom að foreldrum hennar en í gögnunum er að finna margar staðfestingar þess efnis að samskipti þeirra hafi ekki verið góð, ekki síst af hendi móður Ernu. Ein stærsta gloppan í gögnunum varðar hins vegar fyrsta og ef til vill eina fundinn sem stjúpi Ernu mætti á, auk Ernu, systur hennar og móður. Fram kemur í nótu að fundurinn hafi staðið í þrjá tíma og að hann hafi hafist á umræðu um hina meintu nauðgun en meira stendur ekki í nótunni. Annaðhvort var skýrsla um fundinn aldrei kláruð eða hún hefur farið forgörðum. Hún hefði verið forvitnilegur lestur, svo ekki sé meira sagt.

Ljóst er á gögnunum að Erna átti á þessum tíma, frá 1991 til 1994, við margþætt vandamál að stríða. Hún upplifði öryggisleysi á heimili sínu, bæði tilfinningalegt og fjárhagslegt, þannig að sá á henni. Árið 1992 lá hún inni á Barnaspítala Hringsins í um mánuð vegna líkamlegra veikinda en þá sagði í umsögn læknis: „Sennilegt er að mikið af hennar kvörtunum séu af psykosomatiskum toga eins og reyndar var hér við fyrri innl. Svo virðist að hún sé frekar afskipt heima fyrir og móðirin heimsótti hana lítið og spurðist lítið fyrir um hana hér inni á deildinni.“

Strauk í uppreisn og var loksins frjáls

Erna man hins vegar eftir einni heimsókn á spítalann þegar stjúpinn mætti allt í einu óboðinn. „Ég man þetta svo vel því hvorki mamma né hann



„Þarna kom upp staða þar sem barnið mitt fékk ekki aðstoð. Svona hélt kerfið áfram að brjóta á okkur. Ég væri ekki að tala um þetta og vinna í þessu nema með sjálfri mér ef ég gæti fengið að gera það í friði.“

komu nokkuð. Og ég lá þarna og hann fékk bara að æða inn á stofuna þar sem ég var. Ég var vakandi en þóttist sofa og hann bara grenjaði eins og lítið barn og sagði fyrirgefðu, fyrirgefðu. Þarna var hann ábyggilega nýkominn af Vogi,“ segir hún.

Að lokum sá Erna ekki annað í stöðunni en að flýja heimilið og þá hófst tímabil þar sem hún flakkaði á milli úrræða fyrir ungmenni í erfiðum aðstæðum og strauk reglulega þess á milli. Á þessu tímabili urðu til flestir þeir pappírar sem hún hefur undir höndum. Hún var erfið; reið út í mömmu sína og vildi alls ekki vera á sama heimili og stjúpinn. Hún fór aftur að segja frá og á meðferðarheimilinu Tindum fannst henni loksins að hlustað væri á hana. Erna á erindi frá sálfræðingi sem starfaði á Tindum á þessum tíma þar sem viðkomandi sagðist muna vel eftir frásögnum Ernu af kynferðisofbeldinu af hálfu stjúpföður hennar og stjúpsystur. „Á þessum tíma var umræða um kvenkyns barnaníðinga nánast engin og m.a. þess vegna er þessi frásögn svo greipt í huga undirritaðrar.“

Erna var nokkrum sinnum tekin af lögreglu fyrir smáglæpi. Hún strauk ítrekað og var augljóslega í mikilli uppreisn. Spurð að því hvenær og hvernig hún komst loks í gegnum þetta erfiða tímabil starir hún á mig. „Þetta er minnsta ruglið sem ég hafði verið í. Þetta var ekki erfitt,“ svarar hún ákveðin. „Ef ég á að vera algjörlega hreinskilin … Jú, ég var á götunni en þetta var frelsi. Ég upplifði þetta sem frelsi. Þetta var ekki vont. Hitt var ógeðslegt; fangelsi, vanræksla, ofbeldi. Þetta var frelsi … Ég man ekki eftir þessum tíma sem erfiðum.“

En hvað þá með stöðugleika; hvenær upplifði hún stöðugleika í fyrsta sinn?

„Hjá pabba. Frá því ég fór af Tindum og þar til hann dó. Þetta voru bara nokkur ár.“

Pabbi Ernu bjó í Danmörku og það varð lendingin eftir þvæling í kerfinu að hún flytti til hans. Hjá honum bjó hún þegar hún var á aldrinum 15 til 17 ára. „Þessi ár voru bara stabíl og eðlileg. Mér leiddist oft, ég var undir miklu eftirliti og fékk mikið utanumhald. Pabbi var mjög strangur en þetta var hollt og gott fyrir mig. En ég var ekki búin. Eftir að hann dó hélt ég svolítið áfram að vera unglingur í uppreisn.“

Það var mikið áfall fyrir Ernu þegar hann dó. „Þarna var allt öryggið mitt sem ég var loksins búin að finna og eina heilbrigða manneskjan, sem verndaði mig og gaf mér það góða sem ég þurfti svo mikið á að halda. Ég græt hann enn þá en ég finn mikið fyrir honum; hann er stór og sterkur partur af mér.“

Táknrænar kærur

Erna er líka sterk. Hún segir það sjálf. Hún hefur þurft að berjast fyrir sjálfa sig og fyrir eldri son sinn, sem hefur ekki fengið þá þjónustu sem hann þarf og á rétt á. Á tímabili blómstraði hún; skapaði, var í góðu sambandi og sótti sér aðstoð. En baráttan við kerfið hefur tekið sinn toll. „Ég varð veik af streitu,“ segir hún. „Þarna kom upp staða þar sem barnið mitt fékk ekki aðstoð. Svona hélt kerfið áfram að brjóta á okkur. Ég væri ekki að tala um þetta og vinna í þessu nema með sjálfri mér ef ég gæti fengið að gera það í friði.“ Fálætið sem bæði hún og sonur hennar hafa mætt í kerfinu segir Erna ekkert annað en „kerfisbundið ofbeldi“.

En hún vill líka skila skömminni.

Erna segist aldrei munu skilja mömmu sína. „Ég þurfti útskýringu; af hverju? En ég kemst ekki til botns í því. Það er alveg sama hvað ég reyni. Það á að vera auðveldara að finna frið ef maður getur sett sig í spor annarra. En ég grípalltaf í tómt.“ Hún segir það „bilun“ en viðbrögðin sem hún fékk við því að segja frá, bæði frá móður sinni og fagaðilum, sitji meira í henni en ofbeldið sjálft. „Ég hef alltaf unnið með ofbeldið eins og ég get því mér finnst vont ef eitthvað hamlar mér og er fyrir mér,“ segir hún. Hins vegar hafa viðtökurnar stundum orðið til þess að hún hefur haldið sig frá því að leita sér aðstoðar.

Í haust leitaði Erna til lögreglu til að leggja fram kærur á hendur fjórum einstaklingum. Kærurnar á hendur stjúpa og stjúpsysturinni voru táknrænar; stjúpinn dáinn og hitt fyrnt. Eitt málanna er enn í skoðun. Í kjölfarið ákvað hún síðan að leita til fjölmiðla. Hún segist vilja vekja fólk til umhugsunar. Hún hefur sterka réttlætiskennd og tárast þegar hún talar um það hvernig brotið er á börnum, hvernig brotið var á henni og systur hennar og hvernig brotið hefur verið á syni hennar. Þetta er lokatilraun hennar til að fá fullorðna fólkið til að hlusta og skilja.



LIND FASTEIGNASALA

510 7900

Hlíðasmári 6 / 201 Kópavogur / www.FASTLIND.is



– FÁÐU MEIRA

Allir kaupendur og seljendur hjá Lind fasteignasölu

fá **VILDARKORT LINDAR**

sem veitir **30% AFSLÁTT**

hjá eftirfarandi fyrirtækjum:

S:HELGASON

Flügger litir

Betra BAK
LEGGUR GRUNN AÐ GÓÐUM DEGI

ÍSLEIFUR JÓNSSON

DORMA

HÚSGAGNA HÖLLIN

Flísabúðin

PARKET & GÓLF
- gerir hús að heimili

Fáðu framúrskarandi þjónustu og skráðu eignina þína á FASTLIND.is



LIND Fasteignasala

Uppspretta ánægjulegra viðskipta


ÞEKKING OG REYNSLA · www.frittverdmat.is · www.nyjaribudir.is

Hrollvekjandi framtíðarsýn

Eftir / Roald Eyvindsson

Veikir íbúar. Skortur á læknisþjónustu. Vöntun á sértækum úrræðum til handa þeim sem þurfa á slíku að halda. Mannekla, fjárskortur og að því er virðist almennt úrræðaleysi. Hún er ekki fögur, myndin sem hefur verið dregin upp af ástandinu á íslenskum hjúkrunarheimilum í fjölmiðlum síðustu daga.

Maður nokkur lýsir því í viðtali hvernig faðir hans var sendur um nótt með sjúkrabíl af hjúkrunarheimilinu, sem hann býr á, á bráðamóttökuna vegna lungnabólgu. Á hjúkrunarheimilinu hafi ekki verið hægt að veita honum læknisþjónustu. Hana hafi maðurinn fengið á spítalanum þar sem hann þurfti að dvelja í tvo sólarhringa í kraðakinu á bráðamóttökunni, eða við „frekar óvistlegar aðstæður“ eins og sonurinn orðar það, þar til hann náði sér og var sendur með sjúkrabíl aftur á hjúkrunarheimilið. Maðurinn sem um ræðir er að verða níræður.



„Við eigum að kappkosta að skapa fólkinu okkar áhyggjulaust ævikvöld, en ekki bjóða upp á skert lífsgæði, auðmýkingu og óðviðunnandi aðstæður.“

Yfirlæknir á minnismóttöku Landspítalans segirhjúkrunarheimilin ekki eiga annarra kosta völ en að senda veika íbúa í vaxandi mæli á spítala því á heimilunum sé hreinlega ekki nóg af fagfólki til að annast þá. Sumir séu svo slæmir til heilsunnar að þeir snúi jafn vel ekki aftur. „Þá hugsar maður hvert er framhaldið fyrir þetta fólk,“ segir læknirinn. „Á það að búa á spítalanum eða hvert er hægt að vísa því?“

Framkvæmdastjóri heilbrigðissviðs Hrafnistuheimilanna lýsir því annars staðar hvernig spítalinn útskrifar fólk á hjúkrunarheimilin og hvernig þau útskrifa fólk svo aftur á spítalann. „Þetta er vítahringur,“ segir framkvæmdastjórinn. Orð sem vekja hugrenningatengsl við gamlar, hrollvekjandi sögur af sjúklingum og eldra fólki sem hreppsnefndir fyrri tíma reyndu að losa sig við í gríð og erg og koma yfir á önnur sveitarfélög til framfærslu og umönnunar. Jafn vel þótt það þýddi að flytja þyrfti fólkið milli landshluta við alls konar ömurlegar aðstæður. Erum við kannski á svipuðum slóðum í dag?

Rétt er að taka fram að hér er ekki verið að beina spjótum að heilbrigðisstarfsfólki. Það gerir sitt besta í erfiðum aðstæðum og hefur auk þess oft bent á bresti kerfisins í gegnum tíðina, að á hjúkrunarheimilum þurfi nauðsynlega að fjölga fagmenntuðu fólki til að sinna íbúum með viðeigandi hætti. Því hefur verið tíðrætt um þetta og sömuleiðis afleiðingarnar, þar á meðal hættuástandið á bráðamóttökunni, sem sé fyrir löngu sprungin af því að viðeigandi spítaladeildir geti ekki tekið við sjúklingunum, þær séu einfaldlega fullar af eldra fólk sem hjúkrunarheimilin geti ekki sinnt. Þetta fólk hefur líka bent á að innan stjórnsýslunnar sé eins og menn stingi höfðinu í sandinn þegar þessi mál beri á góma. Og um þessi atriði sé aldrei samið.


Stjórnarflokkarnir þrír hafa lofað að fjölga hjúkrunarrýmum, sem er gott og blessað. En það er ekki nóg. Ekki ef það vantar fjármagn og mannskap til að vinna störfin svo íbúarnir getið lifað við mannsæmandi aðstæður. Hér þarf breyttar áherslur. Við eigum að kappkosta að skapa fólkinu okkar áhyggjulaust ævikvöld en ekki bjóða upp á skert lífsgæði, auðmýkingu og óðviðunnandi aðstæður. Þetta er fólkið sem stritaði og púlaði margt hvert til að búa í haginn fyrir komandi kynslóðir, til að við hefðum það gott. Það á miklu betra skilið.

Og hvað með þau okkar sem nú erum að eldast? Ef ekki verður brugðist við í dag hvað bíður okkar þegar ellin færist yfir og starfsþrekið dvínar?



Ég hef notað **Probi Mage** mjólkursýrugerla um nokkurt skeið með mjög áþreifanlegum árangri. Meltingin er mun betri og mér líður allri betur, þess vegna hika ég ekki við að mæla með þessari góðu vöru. Sjálf tek ég hana daglega og sleppi ekki degi úr. - *Þórunn Kristjónsdóttir*

abel heilsuvörur www.abelheilsuvorur.is



JONO DUFFY & EINAR V. MÁSSON

Skoðun

Eftir / Guðmund Andra Thorsson

Þetta land á sig

■ Land verður æ mikilvægara á tímum mikilla loftslagsbreytinga og komandi þjóðflutninga í kjölfar þess að æ fleiri svæði heims verða óbyggileg af manna völdum. Það er löngu tímabært að við setjum reglur sem takmarka skefjalausa söfnun einstaklinga á landi, þó ekki væri bara vegna þess mikla verðmætis sem þetta land á eftir að hafa á komandi tímum. Það má einu gilda hvort slíkur auðmaður er frá Kuala Lumpur, Bretlandi, Breiðholtinu eða úr Aflöndunum: samþjöppun á eignarhaldi er alltaf hættuleg, hvort sem um er að ræða útgerðarfyrirtæki, matvörubúðir, fjölmiðla eða jarðnæði. Slíku eignarhaldi fylgir meira vald en við viljum að safnist á fárra hendur.

Í rauninni ætti enginn maður að eiga meira land en hann kemst sjálfur yfir að sinna, með vélum eða mannafla, eða hefur kenndir til vegna tengsla við landið.

Það er gott og æskilegt að fólk komi sér upp eignum sem það geti nytjað eins og hugur þess stendur til, stofni fyrirtæki sem vaxi og dafni eftir efnum og ástæðum, hagnist og greiði af því sanngjarnan hlut til samfélagsins (en feli ekki í skattaskjólum), kaupi sér jarðarskika til að rækta og nytja eins og dugnaður og hugkvæmni leyfir – og þar fram eftir götunum. En það þarf þarf að setja skorður við hömlulausri samþjöppun á eignarhaldi á landi og öðrum auðlindum; sumt land á heima í þjóðareigu vegna gildis síns. Um auðlindirnar þarf ekki að tala, þær eru nú þegar í þjóðareigu, en þarf einungis að árétta það með góðu ákvæði í stjórnarskrá: fiskurinn, náttúruperlur, vatnið ...

„Í rauninni ætti enginn maður að eiga meira land en hann kemst sjálfur yfir að sinna, með vélum eða mannafla, eða hefur kenndir til vegna tengsla við landið.“



Það getur verið mikil innspýting í því fólgin fyrir lítið samfélag þegar dugmikill og framtaks-samur einstaklingur kaupir eign eða eignir og tekur að láta þar til sín taka. En það er aldrei gott fyrir samfélag að slíkur einstaklingur verði þar einráður og allt fari fram á forsendum viðkomandi og hrynji við brotför hans. Hitt er svo enn verra, sem orðið er sérstakt böl í nútímasamfélögum – og alveg sérstaklega hér á landi – og það er sú iðja sumra auðmanna að leynast bak við leppa eða flókið net skáldaðra eignarhaldsfélaga. Við eigum heimtingu á að vita hver á land og hvað hann hyggst fyrir með það.

„Þetta er landið þitt ...“ orti Guðmundur Böðvarsson í ljóðinu sínu fallega Fylgd og líka „þetta land á þig“ og minnti okkur á skyldur okkar við landið sem verður hér eftir okkar dag og barna okkar og barnabarna. Því þetta land er ekki bara til fyrir okkur sem hérna búum – það hefur líka gildi í sjálfu sér, verðmæti þess verður ekki mælt í mannlegum einingum á borð við krónur og aura. Þetta land á sig, og það eigum við að virða, um leið og við lærum að umgangast það og nýta góðar gjafir þess.

Höfundur er þingmaður Samfylkingar.

*Aðsendar greinar ásamt mynd af höfundi sendist á **ritstjorn@birtingur.is.** Hámarkslengd texta er 450 orð.*



Sleggjan



„Ef við göngum að kröfum Eflingar eins og þær eru settar fram núna erum við ekki bara að hækka laun í samræmi við lífskjarasamningana heldur til viðbótar þannig að þeir sem áttu að bíða eða fá í raun minni kjarabætur, þeir sem eru með heldur hærri laun, háskólamenntað fólk og svo framvegis, væru orðin ansi nálægt ófaglærðum í kjörum og við vitum það sem tengjast þessum samningum að það yrði aldrei samþykkt af öðrum viðsemjendum.“

Dagur B. Eggertsson, borgarstjóri Reykjavíkur.



„Á Íslandi má refsa þér alla ævi fyrir að hafa ekki sest á skólabekk.“

Sólveig Anna Jónsdóttir, formaður Eflingar.



„Tilvist manna í skóla er sjaldan merkilegri en tilvist manna utan skóla og reynsla sem menn öðlast í skóla er sjaldan mikilvægari en sú sem fæst utan skóla.“

Kári Stefánsson, forstjóri Íslenskrar erfðagreiningar.

„Þegar það að finna sig best í klæðnaði, sem telst ekki hefðbundinn hjá vestrænum, karlkyns, íhaldssömum stjórnmálamönnum, er sagt stuðningur við óhæfuverk, jafnvel gyðingahatur, er mér eiginlega nóg boðið.“



Logi Einarsson, formaður Samfylkingarinnar. Tilefnið ummælanna eru pistlaskrif Einars S. Hálfdánarsonar í Morgunblaðinu, þar sem hann segir rauðan hálsklút sem Logi klæðist stundum talinn stuðningsyfirlýsingu við „gyðingahaturs- og hryðjuverkasamtökin Hamas“.



„Umbótaöflin á Íslandi eru í sókn. Þau myndu styrkjast enn frekar með endurnýjun VG og málefnalegri og virkri fjarlægð flokksins frá núverandi varðstöðu um óbreytt valdakerfi í landinu. Ella á VG að mínu mati ekkert betra skilið en að bíða afhroð í næstu þingkosningum.“

Svanur Kristjánsson, prófessor í stjórnmálafræði.



„Varðhundar kerfisins, aðallega þingmenn og ráðherrar Sjálfstæðisflokks og Framsóknar detta hins vegar í gamalkunnugt gelt. Stóru orðin voru ekki spöruð. Þingmenn minnihlutans voru kallaðir loddarar og lýðskrumarar fyrir það eitt að kalla eftir auknu gegnsæi og upplýsingum um grundvallarmál sem tengjast auðlindanýtingu.“

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir, formaður Viðreisnar, er undrandi á viðbrögðum Sjálfstæðisflokksins við beiðni stjórnarandstöðunnar á Alþingi um Namibíuskýrslu.

„Eru mannaráðningar í skjóli leyndar eðlilegar á fjölmiðli sem á allt sitt undir gagnsæi?“

Þóra Kristín Ásgeirsdóttir, upplýsingafulltrúi Íslenskrar erfðagreiningar, um leynimakkið í kringum ráðningu nýs útvarpsstjóra.

„Þetta var frekar brjálað augnablik.“



Hildur Guðnadóttir tónskáld um augablikið þegar hún veitti viðtöku Óskarsverðlaununum viðtöku og sá heimsþekkt tónskáld á borð við John Williams úti í sal.

Góð vika



Hildur Guðnadóttir


*„Mér líður eins og landsliðinu,“ sagði tónskáldið og nýbakaði **Óskarsverðlaunahafinn Hildur Guðnadóttir** þegar hún var spurð að því í vikunni hvort hún hefði undanfarið fundið fyrir stuðningi þjóðarinnar. Hildur hefur, eins og kunnugt er, slegið í gegn vestanhafs fyrir tónlist sína í þáttunum Chernobyl og kvikmyndinni Joker sem hefur fært henni hver verðlaunin af öðrum undanfarnar vikur og mánuði. Síðasta sunnudag gerði hún sér síðan lítið fyrir og vann Óskarinn fyrir tónlistina í Joker og bar þannig sigurorð af goðsögnum á borð við Robbie Robertsson og John Williams. Með sigrinum skráði Hildur nafn sitt á spjöld sögunnar því hún er fyrsti Íslendingurinn sem vinnur verðlaunin eftirsóttu. Hildur hefur eðlilega ástæðu til að vera glöð og stolt, rétt eins og þjóðin öll, því eins og menntamálaráðherra, Lilja Alfreðsdóttir, benti á hefur hún með sigrinum skrifað mikilvægan hluta íslenskrar menningarsögu.*

Slæm vika



Arnþrúður Karlsdóttur

*Gæfan virðist ekki brosa við **Arnþrúði Karlsdóttur, útvarpsstjóra Útvarps Sögu**, þessa dagana. Arnþrúður var í vikunni dæmd í Héraðsdómi Reykjavíkur til að greiða Reyni Traustasyni, fyrrverandi ritstjóra DV og núverandi stjórnarmanni Stundarinnar, 300 þúsund krónur í miskabætur vegna ærumeiðandi ummæla sem hún lét falla um Reyni á Útvarpi Sögu. Arnþrúður ætlar að sækja um leyfi til að áfrýja dómnum til Landsréttar, en þetta hljóta að vera mikil vonbrigði engu að síður fyrir Arnþrúði. Og það í kjölfar þess að hún varð af starfi útvarpsstjóra RÚV, sem Arnþrúður segist hafa verið í lokaúrtaki fyrir, eins og fram kom í þættinum Línan er laus á Útvarpi Sögu. Já, vonbrigði á vonbrigði ofan fyrir Arnþrúði sem hefur um árabil mátt þola árásir af ýmsu tagi og fyrir það eitt að halda úti einu frjálsu og óháðu útvarpsstöðinni og berjast ötullega fyrir óheftu málfrelsi á landinu.*



Texti / Hólmfríður Gísladóttir

S

Samfélag

ÚTSKÚFUNARKÚLTÚR

Ég finn þetta með Woody Allen, það er engin stemning fyrir honum lengur. Ef ég stend í hóp og fer að vitna í Woody Allen fæ ég bara svipinn.



LISTAMAÐURINN & DÓMSTÓLL GÖTUNNAR

Tekur þú undir þegar þú heyrir I Believe I Can Fly með R. Kelly í útvarpinu? Ertu búin/n að horfa á Usual Suspects í fimmta sinn? Færðu samviskubit yfir að hugsa hlýlega til The Cosby Show? Velkomin/n í hópinn.

Fyrir nokkru stóð ég langa stund með störu á nýuppsettar bókahillurnar. Þær svignuðu undan magninu og það lá fyrir að grisja. Sumar bækur var auðvelt að láta fara, aðrar erfiðara. Og þarna lá hún, mitt í einum bunkanum, síðasta og erfiðasta ákvörðunin: Annie Hall eftir Woody Allen. Kannastu við þetta? Að vera með kveikt á útvarpinu og fá pínu sting í magann þegar Thriller fer af stað? Að bölva því inni í þér að Kevin Spacey fékk ekki að klára House of Cards og skammast þín um leið?

Menn hafa lengi freistað þess að svara spurningunni: Er hægt að skilja listina frá listamanninum? En hún hefur ef til vill aldrei verið jafnáleitin og í kjölfar #metoo-byltingarinnar. Hver stjarnan á fætur annarri hefur verið látin svara til saka fyrir dómstól almenningsálitsins síðustu misserin. Fyrirbærið hefur verið kallað „call-out culture“ eða „cancel culture“; „útskúfunarmenning“ á íslensku. Fyrirbærið má eflaust rekja til margra þátta, m.a. þeirrar staðreyndar að þau mál sem um ræðir rata allt of sjaldan til hefðbundinna dómstóla. Gerendur úr afþreyingaiðnaðinum eru sjaldnast látnir svara til saka og sæta ábyrgð. En svo blöskrar fólki einfaldlega, og útskúfunarmenningin; að neita að horfa á myndir eftir Roman Polanski eða hlæja að Louis C.K., eru ein leið til að láta vanþóknun sína í ljós.

En hvar á að draga mörkin?

„Er nóg að vera ömurleg manneskja?“ spyr t.d. Arnar Eggert Thoroddsen, aðjúnkt í félagsfræði við Háskóla Íslands, en hann verður meðal frummælenda á málþingi Siðmenntar sem haldið verður kl. 14 á laugardaginn undir yfirskriftinni „Má njóta níðinga?“ Arnar Eggert segir svarið hafa verið já í denn en staðan sé önnur í dag. „Þetta er tiltölulega nýlegt fyrirbæri, það er einhver viðhorfsbreyting sem veldur þessu. Tökum bara Michael Jackson sem dæmi; maður heyrir hann sjaldnar í útvarpinu. Hann hefur verið tekinn úr jöfnunni, finnst mér einhvern veginn.“

„Það er engin stemning fyrir honum lengur“

Jackson hefur, eins og frægt er orðið, verið ásakaður um barnaníð gegn ungum drengjum. Arnar Eggert tekur annað frægt dæmi, fyrrnefndan Woody Allen, sem hefur bæði verið sakaður um að hafa misnotað barnunga dóttur sína og gagnrýndur fyrir að hefja ástarsamband við tvítuga dóttur Miu Farrow þegar hann var sjálfur 56 ára. Allen kynntist Soon Yi þegar hann hóf samband við Farrow árið 1980. Soon Yi var þá 10 ára.

Arnar Eggert segir fólk skiptast í tvær fylkingar þegar kemur að því að svara spurningunni um aðskilnað listarinnar og listamannsins en fólk gangi mislangt í



Arnar Eggert Thoroddsen.

því að sniðganga þá sem þeim þykja hafa misboðið almennu siðferði. „Ég finn þetta með Woody Allen, það er engin stemning fyrir honum lengur. Ef ég stend í hóp og fer að vitna í Woody Allen fæ ég bara svipinn. Þetta er dálítið athyglisverð breyting. En þetta er rosalega flókið mál því síðan þurfum við að fara að tala um hverjir eru þá inni og hverjir úti. Fá menn séns ef þeir eru rosagóðir listamenn? Hvað gerðist ef það kæmist upp að Steven Spielberg væri raðnauðgari?“

Þetta er eitt af þeim vandamálum sem blasir við þegar rætt er um útskúfunarmenninguna. Skiptir máli hversu alvarlega þú braust af þér? Ef við erum sammála um að útskúfa þeim sem nauðga, hvað þá með þá sem beita heimilisofbeldi? Skiptir máli hvort þú gengur einu sinni í skrokk á maka þínum eða hvort þú gerir það ítrekað? Ætlum við að hætta að horfa á myndir með frægum leikara af því að hann hefur verið ásakaður um kynferðisofbeldi, eða eigum við að bíða þar til hann hefur hlotið dóm?

Að neyta er að verðlauna

Það er fátt auðveldara en að finna dæmi um listamenn sem sýndu af sér vafasama hegðun en njóta enn þá stöðu og virðingar. Caravaggio var morðingi, Bruckner var með táningsstúlkur á heilanum. Picasso, Burroughs og Lennon fóru allir illa með konurnar sínar. Jerry Lee Lewis, Elvis Presley, David Bowie og Jimmy Page voru þekktir fyrir að hafa verið með stúlkum á aldrinum 13 til 15 ára. Ja, verið með? Í dag kallast þetta barnaníð. Arnar Eggert játar því að enn í dag virðist sumir sleppa á meðan aðrir eru fordæmdir.

En hvað finnst honum sjálfum? Er hægt að aðskilja listina frá listamanninum?

„Sumir segja já, sumir segja nei,“ svarar hann hugsandi. „Akkúrat á þessum tímapunkti veit ég það ekki og mér finnst þetta sérkennilegt. En ég viðurkenni að eins og með Woody Allen, þá er eitthvað að breytast innra með mér gagnvart honum. Ég get alveg horft á myndirnar hans en … það er að fjara undan honum.“ Hann ítrekar að málið sé flókið, enda bæði hugur og hjarta sem ráða för, ef svo má að orði komast. „Þegar

ÍSLANDSHÓTEL

Sjá nánar á islandshotel.is/tilbod

TILBOÐ HJÁ ÍSLANDSHÓTELUM



GÆÐASTUND Á GRAND

Grand Hótel Reykjavík

Gisting fyrir tvo í Tower View herbergi
á Grand Hótel Reykjavík
Morgunverðarhlaðborð
Tveggja rétta kvöldverður á Grand Brasserie
Aðgangur fyrir tvo í Reykjavík Spa

Bókaðu í síma 514 8000
eða info@grand.is

Tilboðsverð: 29.900 kr.

ÖLL TILBOÐIN ER HÆGT AÐ FÁ SEM GJAFABRÉF

Rómantík í REYKHOLTI

Gisting fyrir tvo með morgunmat á Fosshótel Reykholti, tveggja rétta kvöldverði og aðgangi í Krauma

Bókaðu í síma 435 1260
eða reykholt@fosshotel.is

FOSSHOTEL REYKHOLT





Einstakt tilboð fyrir tvo 29.900 kr.

Huggó á Húsavík
sjóböð og slökun



Gisting fyrir tvo með morgunmat á Fosshótel Húsavík, tveggja rétta kvöldverði og aðgangi í GeoSea sjóböðin

Tilboð fyrir tvo á 25.900 kr.

FOSSHOTEL HÚSAVÍK

Bókaðu í síma 464 1220 eða husavik@fosshotel.is



FEGURÐ Á FÁSKRÚÐS-FIRÐI

Gisting fyrir tvo með morgunmat
á Fosshótel Austfjörðum
ásamt tveggja rétta kvöldverði

Tilboð fyrir tvo á 19.900 kr.

Bókaðu í síma 470 4070
eða austfirdir@fosshotel.is

FOSSHOTEL AUSTFIRÐIR

FOSSHOTEL

Grand HÓTEL REYKJAVÍK

HÓTEL REYKJAVÍK CENTRUM

Ef einhver ætlar að vera heilagur í þessu þá getur þú alltaf spurt hann: Jæja, af hverju ertu þá að hlusta á þennan?

þú færð upplýsingar um einhvern mann þá ferðu að hugsa en svo heyrir þú lag, og lag er lag, og á einhvern hátt er hægt að njóta þess fyrir það sem það er. En þegar þú færð forsögu þá gætir þú misst lystina á að hlusta … eða ekki.“

Þeir sem hafa talað fyrir því að neytendur láti listamenn og aðra í afþreyingariðnaðinum gjalda fyrir misgjörðir sínar hafa m.a. vakið athygli á því að með því að njóta og neyta listarinnar séum við að verðlauna listamanninn. Tökum Mel Gibson sem dæmi, sem bæði hefur orðið uppvís að heimilisofbeldi og gyðingahatri. Ef við ákveðum engu að síður að fara á nýjustu myndina hans stuðlum við bæði að velgengni hennar og hans. Hann fær e.t.v. prósentur af miðasölu og hlutverk í annarri mynd á grundvelli velgengni þessarar myndar. Til viðbótar við þau skilaboð að gjörðir hans hafa engar afleiðingar.

Þá er ekki hægt að horfa fram hjá því að í sumum tilvikum er velgengnin bókstaflega ástæða þess að menn eru í stöðu til að brjóta af sér. Þar má nefna sem dæmi kvikmyndaframleiðandann Harvey Weinstein og gamanleikarann Bill Cosby, sem báðir nýttu sér valdastöðu sína til að brjóta gegn konum og komast upp með það. Lokka þær með gylliboðum um frægð og frama og nota „miðasöluágóðann“ til að borga þeim fyrir að þegja.

Umræðan sem slík sendir skilaboð

Arnar Eggert segir að jafnvel þótt menn verði seint á eitt sáttir um útskúfunarmenninguna sé mikilvægt að taka samtalið. „Það þarf að tala um þetta. Ég sem fræðimaður fer ekki á einn vagninn eða hinn. Sumir eru grjótharðir en það er enginn mælikvarði á þetta heldur. Ef einhver ætlar að vera heilagur í þessu þá getur þú alltaf spurt hann: Jæja, af hverju ertu þá að hlusta á þennan?“ segir hann og bendir á þá staðreynd að enginn er algóður og erfitt að draga línuna í sandinn.

Hann segir umræðuna sem slíka þó senda ákveðin skilaboð. „Það er mikilvægast að listamennirnir finni að það sem þú gerir hafi afleiðingar. Það er hallærislegt að segja að maður ætli að fara að ala fólk upp en ég held að karlmenn sérstaklega séu að komast að því að það sem þú komst upp með fyrir 50 árum sé bara ekki í boði lengur. Svo er þetta náttúrlega stundum bara hrein glæpamennska.“



Málþing Siðmenntar fer fram í húsakynnum Garðyrkjufélags Íslands, Síðumúla 1.



Nú er gott að huga að því að panta og kaupa Hobby hjólhýsi og húsbíla 2020 árgerðir

Hobby 460Ufe Excellent 3.650.000-
Hobby 495UL Excellent 3.650.000-
Hobby 495Ufe Excellent 3.750.000-
Hobby 54UL Excellent 3.820.000-
Hobby 54Fu Excellent 4.090.000-
Hobby 560Cfe Excellent 4.130.000-
Hobby 560LU Prestige 4.100.000-
Hobby 600 CL Prestige 4.360.000-
Hobby 560UL Premium 4.630.000-
Hobby 720Ukfe Prestige 4.990.000-

Fyrirtæki geta keypt Hjólhýsi og fengið vaskinn endurgreiddan

Öll verð með 24% vsk og skráð.

Hobby 540FU Excellent *nýtt*

Með eftirtöldum aukabúnaði
1. TFT Aðgerðaskjá
2. Rafgeymakerfi 12 volta
3. Eldhúsvifta 10 hraða
4. 1800 kg burðargetu/stærri dekk
5. Rafmagns Gólfhiti
6. Truma Combi 6E miðstöð(rafm/gas)
7. Áltrappa vönduð 2 þrepa
8. Sólarsella 170 Watta





Verð kr 4.590.000 með vsk skráð

Hobby 540FU Prestige



Með eftirtöldum aukabúnaði
1. TFT Aðgerðaskjá
2. Rafgeymakerfi 12 volta
3. Eldhúsvifta 10 hraða
4. 1750 kg burðargetu/stærri dekk
5. Rafmagns Gólfhiti
6. Truma Combi 6E miðstöð(rafm/gas)
7. Áltrappa vönduð 2 þrepa
8. Sólarsella 170 Watta
9. Borð á einni löpp



Verð kr 4.590.000 með vsk skráð

bosal.is

Afhent á Reykjavíkursvæðinu og Egilsstöðum eða eftir nánara samkomulagi

Upplýsingar gefur Bóas Eðvaldsson
bosal.is - Sími 777 5007 - Email: boas@bosal.is - Hafnargata 28, 710 Seyðisfirði



NJÓTTU **NÁTTÚRÚLEGRA AUGNABLIKA** LÍFSINS.

NÝTT

NATURALLY **GOOD**

INNIHELDUR **LÍFRÆNT ALOE VERA**
FYRIR NÁTTÚRULEGAN LJÓMA

100% ENDURNÝTANLEGAR PAKKNINGAR

NÁTTÚRULEGASTA UMÖNNUNIN OKKAR

99% NÁTTÚRULEG INNIHALDSEFNI

Texti / Steingerður Steinarsdóttir & Guðríður Haraldsdóttir



Lesefni á vetrarmánuðum

***Vetrarkvöld eru góður tími til lestrar.** Með-an myrkrið grúfir yfir utandyra og snjór og hálka hindra för manna er bók best vina.*



Sönn matarást

Yljandi yndislestur, afar ljúf saga um hinn franska Julien sem elst upp í litlu veitingahúsi uppi í sveit. Hann þráir ekkert heitar en að feta í fótspor föður síns sem er algjör listakokkur. Faðirinn reynir að koma í veg fyrir það með ýmsum ráðum og hefur aðrar og háleitari fyrirætlanir um framtíð sonarins. Móirin fær föðurinn, eftir miklar fortölur, til að skrifa niður einstakar uppskriftirnar en uppskriftabókin hverfur sporlaust, eins og fleira í lífi Juliens. Bókin er skrifuð til föðurins og Julien rifjar upp minningar, bæði góðar og sárar og djúpt grafin leyndarmál koma í ljós, yfir öllu saman svífur djúpstæð ástin á matargerð, svo maður nánast finnur matarilminn. Þetta er fyrsta skáldsaga Jacky Durand, blaða- og útvarpsmanns, sem hefur fjallað mikið um franska matargerðarlist.

Ólöf Pétursdóttir þýddi. JPV, 2020.



Stormur í sálinni

Óveðrið eftir Steve Sem-Sandberg vekur óneitanlega hugrenningatengsl við Ofviðri Shakespeares. Andreas Lehman snýr aftur á litlu norsku eyjuna þar sem hann óx upp eftir lát fósturföður síns. Smátt og smátt rifjast upp fyrir honum minningar frá æskuárunum og lesandanum verður ljóst að gerðir eiganda eyjarinnar Jan-Heinz Kaufmanns þola ekki dagsljósið. Og margt fleira leynist undir yfirborðinu á þessari eyju skrímslisins. Minna, systir Andreasar, flýr þaðan unglingur en það er eins og hún komist samt aldrei fyllilega í burtu. Þemað hér er hvort menn geti breyst, slitið sig frá fortíð sinni og uppruna og náð sátt og hamingju. Og mun sannleikurinn gera menn frjálsa eða fjötra þá enn frekar? Þetta er snilldarlega vel skrifuð saga og áhrifa hennar gætir lengi að lestri loknum.

Útg. Ugla.



Óvæntar slaufur og sálarflækjur

Hin konan eftir Greer Hendricks og Söruh Pekkanen er vel uppbyggð spennusaga. Við kynnumst tveimur konum, Emmu og Vanessu, eða Nellie. Emma er unnusta fyrrum eiginmanns Vanessu en svo virðist að hún syrgi enn manninn og lífið sem þau lifðu. En hvers vegna reynir hún þá að vara Emmu við? Oft leynist margt ljótt undir sléttu yfirborði en konurnar tvær tengjast á fleiri vegu en þann að hafa báðar orðið ástfangnar af sama manninum.

Útg. JPV.

> ***Hin konan eftir Greer Hendricks og Söruh Pekkanen er vel uppbyggð spennusaga.***



Upp á líf og dauða

Assad á deild Q hjá dönsku lögreglunni hefur alltaf verið dulur um eigin hagi en þegar hann sér ljósmynd í dagblaði bregður honum illilega og opnar sig gagnvart samstarfsfélögum sínum. Í kjölfarið fara hann og Carl Mörk til Þýskalands í sannkallaða hættuför. Deild Q hefur einnig fengið símtöl frá ungum manni sem segist ætla að myrða fólk. Það er barátta upp á líf og dauða á báðum vígstöðvum og hver sekúnda skiptir máli. Þetta er áttunda bók Jussi Adler Olsen um Carl Mörk og samstarfsmenn hans. Höfundur hefur einstakt lag á að skapa góða sögu og mikla spennu og það var sönn nautn að sökkva sér ofan í Fórnarlamb 2117 og steingleyma gnauðandi vetrarvindum.

Magnea J. Matthíasdóttir þýddi, Vaka Helgafell, 2020.



Valentínusartilboð

30%

afsláttur af öllum blaðaáskriftum*

Nettilboð







* af fyrsta blaði í áskrift /gildir til 15. feb.

mannlif.is/askriftir



Í LAXDAL færðu klassískan gæðafatnað sem endist og frá merkjum með ábyrga samfélagsvitund.

LAXDAL ER Í LEIÐINNI

Það er tímasparnaður að fá faglega markvissa þjónustu á stuttum tíma.

Fljótlegra en netverslun og allt passar svo vel.

BERNHARÐ LAXDAL
Skipholt 29b, 105 Rvk • S: 5514422

Afþreying

KROSSGÁTA

	HÁRSÁPA	MELRAKKI	STRIT	TROSNA		HALLANDI	MÓT	ORG	TUNGUMÁL	SLAGA
VINNUAFL										
DANA					MÁLMUR / LÆÐA					
FRÁ			FLINK / MOKUÐU					Í RÖÐ / UMFRAM		
EFLA						KORN / BRENNIVÍDD				
HANGA		GLUFA / AGNÚI					KVK NAFN / ÁSAMT			

	↓	ENDAST	RÁS	KENNIMARK				RÖKKUR / LEIÐ						HIRÐULAUS
HULA						BJAGA / ÓSKIPTU							RIFTUN	KANTUR	
SKJÖGUR				GUGGINN / NÁÐHÚS						VARÐVEISLA / HREINSKILIÐ					
HVORT			HRÓP / SJÓN					HAFNA / VIÐMÓT							
ÞEFA					KIRTILL / KORR						NÚA / TITILL				
		MARGSKONAR / PLATA					FRUMEIND / KLIFUN					FATAEFNI / FJÖR			
ÚT						TVEIR EINS / KUSK			GILDING / STEFNUR				Í RÖÐ / RÍKI Í ÁSÍU		
ÁTT			RÓL / MÆLIEINING					TALA / VERST						ALDRI	SKEL
GRÖM				SEFAST / SKRÁ						SÖNGLEIKUR / SIÐA					
TIPL						HLJÓÐFÆRI / SPRIKL						TAFLMAÐUR / SKÓLI			
ENDURBÆTA					FLATFÓTUR						ATA				
STOFNÆÐ							HINDRUN								

Létt

	9	2			8	5	4	
	8		1	5	6			
1					4			
7	5							
		4				9		
							5	2
			3					9
			5	6	2		3	
	2	7	9			4	6	

Miðlungs

		8		7	1			4
	7				4	3		
		9	8					2
						2	3	
		2	4		7	8		
	3	1						
7					6	9		
		6	7				5	
9			2	5		7		

Erfið

	3		2					1
		8						4
	7	4		3		9	6	
			1	8				7
	1		6		9		3	
8				7	5			
	4	1		6		8	9	
7						4		
9					3		7	

Kannaðu þekkingu þína á mannlif.is

Í fréttum á heimasíðu Mannlífs er að finna svörin við þessum spurningum.



1

Hópur fjárfesta undirbýr nú stofnun nýs flugfélags fyrir norðan. Hver leiðir verkefnið fyrir hönd hópsins?




2

Herra Hnetusmjör, nánar tiltekið Árni Páll Árnason, og Sara Linneth L. Castañeda eignuðust nýverið son. Hvaða dag kom erfinginn í heiminn?



4

Aðdáendur leikarans og sjarmatröllsins Luke Perry hafa lýst yfir óánægju sinni með Óskarsverðlaunahátíðina. Af hverju?



5

Hvað var tékkneska tónlistarkonan Marketa Irglova, sem er búsett hérlendis, gömul þegar hún hlaut Óskarsverðlaun árið 2008 fyrir lagið Falling Slowly í írsku kvikmyndinni Once?



3

Hversu margar konur leituðu skjóls og ráðgjafar hjá Kvennaathvarfinu í fyrra samkvæmt yfirliti Samtaka um kvennaathvarf um starfsemi þess?

LEGSTEINAR

Í MIKLU ÚRVALI











GRANÍT STEINAR

Helluhrauni 2, Hafnarfirði
544 5100 – granitsteinar.is

h

Hús & híbýli

HUGMYNDIR

Flikkaðu upp á baðið

Flottir hlutir sem koma vel út á baðherberginu.



1



2



3



4



5

6



7



8

9



10



11



12



13



14

1. Drip-spegillinn er töff, 63 x 160 cm. Módern, 129.900 kr. **2. Eikarhandklæðahengi. Dimm,** 8.990 kr. **3. Kollur úr gegnheilu birki. IKEA,** 2.950 kr. **4. Smart ljós úr ryðfríu stáli með innbyggðri LED-lýsingu. Tilvalið á baðherbergi. Hannað af Tom Dixon 2016. Lumex,** 54.500 kr. **5. Náttsloppur frá Tekla. Norr11,** 21.990 kr. **6. Fallegur veggvasi frá Bolia. Snúran,** 5.040 kr. **7. Sturtuhengi frá Ferm Living. Epal,** 9.800 kr. **8. Þvottakarfa, 60 cm á hæð. ILVA,** 5.495 kr. **9. Sturtuskafa frá MENU. Epal,** 9.850 kr. **10. Ruslafata úr ryðfríu stáli með koparlituðu loki. Epal,** 37.400 kr. 1**1. Töff handklæðarekki. Snúran,** 11.990 kr. **12. Handklæði frá Geysi Heima. Tvær stærðir,** verð frá 2.900 kr. - 5.800 kr. **13. Glerhilla frá House Doctor, 13 x 60 x 28 cm. Línan,** 19.900 kr. 14. **Vegleg skál frá AYTM. Módern,** 31.990 kr.



Walk-in N

Öryggi og vellíðan

Stilhrein sturta.
Sturtubotn fáanlegur í mörgun stærðum og litum.
Sturtuveggur með væng, 8mm hert öryggisgler.

Opið virka daga frá 9 til 18
laugardaga 11 - 14
Ármúla 31 - Sími 588 7332

i-t.is

INNRÉTTINGAR & TÆKI
- fyrir þitt heimili

Texti / Elín Bríta Myndir / Frá framleiðanda









Endurvekur klassíska hönnun

Alessandro Sarfatti framleiðir falleg ljós sem byggja á tímalausri hönnun afa hans, hins virta Gino Safatti.

Hönnunarfyrirtækið Astep var stofnað af Alessandro Sarfatti, barnabarni ítalska ljósahönnuðarins Gino Safatti, en hann hannaði fjölda stórfenglegra ljósa á sinni lífsleið. Þrátt fyrir að hafa verið afar virkur í ítalska hönnunarsamfélaginu á sínum tíma og þá sérstaklega innan ljósageirans, var hann lítt þekktur þess utan þar til fyrir ekki alls löngu.

Markmið Alessandro er að halda hönnun Gino Sarfatti afa síns á lífi og hans leið til þess var að hefja framleiðslu á vel völdum ljósum úr hans smiðju. Þær vörulínur sem fyrirtækið hefur þegar kynnt til leiks eru meðal annars The Astep Collection sem inniheldur nýja og framsækna hönnun og Flos with Sarfatti Collection sem er endurframleiðsla á tímalausri hönnun Gino Sarfatti, en ljósin frá Astep eru með eindæmum glæsileg.

Ekki langt að sækja hæfileikana

Það má með sanni segja að Alessandro Sarfatti hafi verið fæddur inn í ljósabransann en Gino afi hans stofnaði fyrirtækið Arteluce sem var keypt af Flos árið 1973 er Gino lét af störfum. Flos lagði vörumerkið Arteluce niður árið 1996, en á þessum tíma voru áherslubreytingar innan veggja Flos með tilkomu nýs framkvæmdastjóra. Því miður virðist sem svo að hvorutveggja, Arteluce og hönnunarverk Gino Sarfatti, hafi gleymst. Þrátt fyrir að Sarfatti-fjölskyldan hafi selt Arteluce héldu þau ótrauð áfram að framleiða fallega og nýstárlega ljósgjafa. Faðir Alessandro, Riccardo Sarfatti, starfaði lengi vel fyrir Flos og stofnaði í kjölfarið sitt eigið fyrirtæki árið 1978, hið góðkunna Luceplan.





Alessandro Sarfatti, barnabarn ítalska ljósahönnuðarins Gino Safatti.

Alessandro hélt í fjölskylduhefðina og hóf að starfa fyrir fyrirtæki föður síns og tók þar stöðu framkvæmdastjóra árið 2005. Fyrirtækið hefur nú verið selt áfram til raftækjarisans Philips og í framhaldi fluttist Alessandro til Danmerkur ásamt eiginkonu sinni og setti á laggirnar sitt eigið ljósafyrirtæki, Astep.

Farsælt samstarf

Alessandro segist hafa rýnt vel í alla þá vinnu sem afi hans lagði til borðs á sínum starfsferli. „Ég hef alltaf litið upp til og dáðst mjög að afa, hann hafði afar fjörugt ímyndunarafl og hannaði sín verk á þeim tíma sem Ítalía var að ná sér á strik eftir stríðið. Í seinni tíð hef ég varið miklum tíma í að reyna að skilja og rannsaka hann út frá mann- og sálfræðilegu sjónarhorni, en ég tel hann hafa verið nokkuð misskilinn mann.“

Allflestir áhugamenn um klassíska hönnun ættu að vera nokkuð kunnugir vörumerkinu Flos sem er einn virtasti ljósaframleiðandi heims. Í samvinnu við fyrirtækið hóf Alessandro endurframleiðslu á vel völdum og klassíkum ljósgjöfum eftir Gino afa sinn. Aukinn áhugi var á hönnun Gino eftir sýningu á verkum hans á Triennale Design Museum í Mílanó árið 2012 og í kjölfarið ákvað Flos að dusta rykið af þessari tímalausu klassík. Útlit ljósanna er nákvæm eftirmynd af teikningum hönnuðarins en þó var ákveðið að innleiða LED-tæknina í alla endurframleidda ljósgjafana til að standast nútímakröfur. Samstarfi Piero Gandini hjá Flos og Alessandro Sarfatti er hvergi nær lokið, en þessar tvær fjölskyldur eru bundnar sterkum sögulegum tengslum.

Það væri mikill missir fyrir hönnunarsöguna að láta meistaraverk Gino Sarfatti falla í gleymsku. Sjálfur segir Alessandro ævintýrið vera rétt að byrja, enda situr hann á yfir 600 teikningum sem aldrei hafa litið dagsins ljós því greinilegt er að spennandi hlutir eru fram undan hjá Astep.

> ***Ég hef alltaf litið upp til og dáðst mjög að afa, hann hafði afar fjörugt ímyndunarafl og hannaði sín verk á þeim tíma sem Ítalía var að ná sér á strik eftir stríðið.***

ALVÖRU ÚTSALA

LÝKUR UM HELGINA

20% AFSLÁTTUR



Drive Pro Ryk/vatnssuga ZD90 1400W

10.792

Áður kr. ~~13.490~~

20% AFSLÁTTUR



AQUA 25, 10L. Þvott- og rakaheld akrýlmálning. Hálfglansandi með góðri viðloðun. Hentar vel fyrir blautrými. Stofn A

7.192 kr.

Verð áður ~~8.990~~ kr.

30% AFSLÁTTUR



Deka Projekt 05 veggmálning, 2,7 lítrar (stofn A)

1.743 kr.

Verð áður ~~2.490~~ kr.

Verð áður ~~14.900~~

11.992

Lavor Ninja Plus 130 háþrýstidæla

1800W, 130 bör
420 L/klst.

20% AFSLÁTTUR



20% AFSLÁTTUR



Verð áður ~~29.990~~

23.992

Lavor SMT 160 ECO
2500W, 160 bör (245 m/túrbóstút) 510 L/klst.
Þrjár stillingar: mjúk (t.d. viður), mið (t.d. bill) og hörð (t.d. steypa).



Gúmmí gatamotta gróf, 1mx1,5mx22mm

5.992

Áður kr. ~~7.490~~



Mistillo Sturtusett, svart

7.495

Áður kr. ~~14.990~~

50% AFSLÁTTUR

30% AFSLÁTTUR



Stálvaskur 1 hólf 37x33x16cm

4.753

Áður kr. ~~6.790~~

25% AFSLÁTTUR



Drive Smergel 150w

3.743

Áður kr. ~~4.990~~

20% AFSLÁTTUR



Hrærivél Drive-HM-120 1200W. 40-60 ltr.

14.392

Áður kr. ~~17.990~~

Drive-HM-140 1600W **18.392** Áður ~~22.990~~
Drive-HM-160 1600W **22.392** Áður ~~27.990~~

20% AFSLÁTTUR



Snjóskófla medium m. Y-handfangi

2.156

Áður kr. ~~2.695~~

20% AFSLÁTTUR



Snjóskófla stór 135cm m. Y-handfangi

2.316

Áður kr. ~~2.895~~

20% AFSLÁTTUR

Gúmmí gatamotta gróf, 1mx1,5mx22mm

5.992

Áður kr. ~~7.490~~

20% AFSLÁTTUR



Olíufylltur rafmagnsofn 2000W

Áður ~~8.590 kr.~~

6.443

25% AFSLÁTTUR

20% AFSLÁTTUR



Gólfskafa 450mm

712

Áður kr. ~~890~~

CERAVID



3-6 lítra hnappur

CERAVID SETT
WC - kassi, hnappur og hæglokandi seta.
Þýsk gæðavara

31.112

Áður kr. ~~38.890~~

Skál: „Scandinavia design"

20% AFSLÁTTUR



Drive lóðbolti

658

Áður kr. ~~940~~

30% AFSLÁTTUR



Strekkiband lás-krók. 5cm x 8 mtr 4.545 kg

2.468

Áður kr. ~~3.290~~

25% AFSLÁTTUR

Drive Fjölnotatæki 280W

3.743

Áður kr. ~~4.990~~

25% AFSLÁTTUR



LuTool fjölnota sög /hjakktæki/juðari. 300W.

5.243

Áður kr. ~~6.990~~

25% AFSLÁTTUR



Drive Bonvel/rokkur1100w

6.743

Áður kr. ~~8.990~~



Pallettutjakkur Rafmagns 1,5tonna 70Ah

223.920 kr.

Áður ~~279.900~~ kr.

20% AFSLÁTTUR

Bíla búkkar max 3 tonn 2stk

2.529

Áður kr. ~~3.890~~

35% AFSLÁTTUR



Fyrirvari um prentvillur.

20% AFSLÁTTUR



Delta föðurland buxur M

2.792

Áður kr. ~~3.490~~

20% AFSLÁTTUR



Delta GRAY ANZIO SWEAT JACKET XL

7.192

Áður kr. ~~8.990~~

20% AFSLÁTTUR



Borðssög 230V 50HZ 1800W

23.192

Áður kr. ~~28.990~~

30% AFSLÁTTUR



Karbít dósaborasett í tösku. 6stk

3.493

Áður kr. ~~4.990~~

20% AFSLÁTTUR



LuTool gráðukúttsög 305mm blað

36.392

Áður kr. ~~45.490~~

20% AFSLÁTTUR



Flísasög BL200-570A 800W

36.392

Áður kr. ~~45.490~~

Vínilparket – Harðparket – Flísar

20-50% AFSLÁTTUR

Harðparket, vínilparket, flísar

Frá kr. **989** pr. m²

Verðdæmi:

8,3mm Harðparket Smoke Eik Verð nú: **989** kr/m² áður: ~~1.690~~ kr m²

Vinyl parket með áföstu undirlagi nú **4.403** kr/m² áður ~~6.290~~ kr/m²

Ceraviva SN04 Veggflís 30x60 Verð nú **989** kr/m² áður: ~~2.990~~ kr/m²

Reykjavík	Kletthálsi 7.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Hafnarfjörður	Selhellu 6.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-16
Reykjanesbær	Fuglavík 18.	Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
	Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is	

MÚRBÚÐIN

Gott verð fyrir alla, alltaf!

Texti / María Erla Kjartansdóttir Myndir / Úr safni



Draumkennt svefnherbergi í kyrrðinni við Laugarvatn. Hér hefur húsráðandi ákveðið að notast ekki við rúmbotn og náttborð sem kemur fallega út, er rómantískt og í takt við byggingarstíllinn. Mottan gefur rýminu einstakan hlýleika.



Svefnherbergi málað í frísklegum lit gefur góða orku. Plöntur og blóm eru alltaf góð hugmynd.



Skipulag skiptir öllu í svefnherberginu. Rúmgaflinn útbjuggu húsráðendur sjálfir en hann nýtist einnig sem hirsla fyrir hina ýmsu smáhluti og lesefni.



Rúmgafl sem nær niður á gólf setur skemmtilegan svip á svefnherbergið. Velúr og messing, plöntur og bækur – hlýlegt og smart.

Gerðu svefnherbergið huggulegt og rómantískt

Við verjum um þriðjungi ævi okkar í rúminu og því skiptir svefnumhverfi okkar miklu máli. *Litaval í svefnherbergi getur haft mikil áhrif og talið er að bláir, grænir og gráir tónar auk jarðlita hafi jákvæð áhrif á svefninn. Vissulega er það þó misjafnt hvernig fólk bregst við litum en mikilvægt er að lágmarka allt áreiti og halda huggulegu og snyrtilegu í svefnherberginu svo aðkoman þegar skríða á upp í rúm eftir langan dag verði hin notalegasta. Hér má finna nokkrar góðar lausnir til þess að gefa svefnrýminu rólegra og rómantískara yfirbragð.*



Litríkir hlutir, náttúrulegur efniviður, föt og list sem skreytir svefnherbergið. Fylgdu eigin innsæi og leiktu þér með efni, áferð og litaval.



LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN

• Starfsfólk okkar starfar eftir gæðahandbók að tryggja gæði í vinnubrögðum • Hjá okkur starfar fjöldi lögfræðinga sem er mikilvæg stoð fyrir okkar viðskiptavini
• Við seljum mikinn fjölda fasteigna á ári hverju og byggjum þannig á mikilli reynslu • Við veitum fráberа þjónustu allt söluferlið

Til sölu - Leigutekjur 960.000 á ári



ingunn@domusnova.is **Verð: Tilboð**

Gamla pósthúsið - Vogum Vatnsleysuströnd
Leigusamningur við Mílu ehf. til 1. desember 2027.
Allar upplýsingar veitir Ingunn Björg lgf. í síma 856 3566

Til sölu eða leigu - 44 herb. með baði/sameiginlegu



agnar@domusnova.is **Verð: Tilboð**

HÓTEL LAUGAR Í SÆLINGSDAL - Dalabyggð
Tíu fasteignir til sölu eða leigu.
Allar upplýsingar veitir Agnar lgf. í síma 820 1002

Opið hús sunnudaginn 16. febrúar kl 1300 - 13:30



hrafnkell@domusnova.is **Verð: 64.900.000**

Staðarbakki 10 - Reykjavík
Stærð: 162,5 fm - 4 svefnherb., 2 baðherb. - Bílskúr
Allar upplýsingar veitir Hrafnkell lgf. í síma 690 8236



bjorgvin@domusnova.is **Verð: 52.900.000**

Tröllakór 7 - Kópavogur
Stærð: 103,3 fm - 3 herb. - Bílageymsla
Allar upplýsingar veitir Björgvin Þór lgf. í síma 855 1544



bergros@domusnova.is **Verð: 45.900.000**

Mánagata 14 - Reykjavík
Stærð: 97,5 fm - 4 herb. - Útleiguherbergi í kjallara
Allar upplýsingar veitir Bergrós í síma 893 9381

Opið hús sunnudaginn 16. febrúar kl 15:00 - 15:30



eignir@domusnova.is **Verð: 52.900.000**


Brekkugata 3 - Garðabær
Stærðir: 108-139,0 fm - 3-5 herb. - Nýjar íbúðir, Lyftuhús, Bílageymsla. Allar upplýsingar veittar á eignir@domusnova.is

Opið hús laugardaginn 15. febrúar kl 14:00 - 14:30



oskar@domusnova.is **Verð: 49.900.000**

Norðurbrú 3 - Garðabær
Stærð: 87,5 fm - 3 herb. - Stæði í bílageymslu
Allar upplýsingar veitir Óskar Már lgf. í síma 615 8200



vilborg@domusnova.is **Verð: Tilboð**

Einbýlishús á Seltjarnarnesi með bílskúr
Stærð 250-300 fm - Glæsilegt hús
Allar upplýsingar veitir Vilborg Gunnars lgf. í síma 891 8660



DOMUSNOVA
Fasteignasala

DOMUSNOVA - HLÍÐASMÁRA 4 KÓPAVOGI - AUSTURVEGI 6 SELFOSSI & STILLHOLTI 16-18 AKRANESI
SÍMI 527 1717 - WWW.DOMUSNOVA.IS

Umsjón / Bergþóra Jónsdóttir og Nanna Teitsdóttir
Stílisti / Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir Myndir / Heiðdís Guðbjörg Gunnarsdóttir

Sætt og seiðandi

Á Valentínusardag er algengt að elskendur og aðrir tjái ást sína með því að gefa gjafir af ýmsu tagi. Hvernig væri að gefa elskunni þinni eitthvað sætt og gott í tilefni af því? Hér eru tvær uppskriftir sem hitta í mark.

Chiffon-kaka

8-12 sneiðar

Chiffon-kaka er mjög létt í sér og loftkennd. Uppistaðan er olía, egg, sykur, hveiti, lyftiefni og bragðefni. Þar sem ekki er notað smjör í svona kökur er nauðsynlegt að nota mikið af eggjum. Í Chiffon-kökum og svokölluðum englakökum sem einnig hafa loftkennda áferð eru eggjahvíturnar alltaf stífþeyttar og settar rólega saman við með sleif.

60 g dökkt kakó
2 msk. skyndikaffiduft
150 ml heitt vatn
200 g hveiti
300 g sykur
1 ½ tsk. lyftiduft
1 tsk. salt
120 ml olía
7 egg, skilin
2 tsk. vanilludropar
¼ tsk. cream of tartar
50 g pistasíuhnetur
6-7 döðlur, saxaðar

Hitið ofninn í 160°C. Blandið saman í skál, kakódufti, skyndikaffidufti og sjóðandi vatni, látið kólna í 20 mín. Setjið hveiti, helminginn af sykrinum, lyftiduft og salt saman í hrærivélarskál. Bætið olíu, eggjarauðum og vanillu saman við. Hellið kakóblöndunni út í og hrærið. Þeytið eggjahvítur og cream of tartar og bætið afganginum af sykrinum saman við og þeytiðþar til blandan verður stíf, blandið saman við deigið í skömmtum, notið sleif eða sleikju. Setjið deigið í 25 cm stórt hringlaga smurt form. Bakið í 60-65 mín. eða þar til prjónn sem stungið hefur verið í kökuna kemur hreinn út. Látið kökuna kólna áður en hún er tekin úr forminu. Smyrjið súkkulaðikreminu yfir kökuna og skreytið með söxuðum pistasíum og döðlum. Berið kökuna fram með rjóma.



Chiffon-kaka er mjög létt í sér og loftkennd.

Súkkulaðikrem

200 g suðusúkkulaði
2 msk. kakó
1 dl sjóðandi vatn
100 g smjör, við stofuhita

Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði, setjið allt í skál og þeytið saman með restinni af hráefninu þar til kremið verður mjúkt og glansandi, dreifið yfir kökuna.

Verndari elskenda

Valentínusardagurinn fellur ár hvert á fjórtánda febrúar. Öndvert við það sem flestir telja á Valentínusardagurinn ekki rætur sínar að rekja til Bandaríkjanna þótt fólk vestanhafs hafi verið mjög duglegt að halda uppi merkjum þessa dags. Sagan segir að dagurinn sé kenndur við heilagan **Valentínus, rómverskan prest sem kristnir menn létu taka af lífi þennan dag,** það er fjórtánda febrúar, þegar kristnin hafði verið gerð að ríkistrú í Rómaveldi. Eftir aftöku Valentínusar var hann titlaður sem verndari elskenda vegna þeirrar iðju sinnar að gefa saman ung pör sem ekki mátti gefa saman. Dagurinn var sumsé síðar haldinn honum til heiðurs og hefur verið hefð fyrir því að elskendur skiptist á gjöfum á þessum degi.



Súkkulaðimedalíur

u.þ.b. 25 medalíur

200 g dökkt súkkulaði, 50-70%

Hráefni til skrauts, t.d. kakónibbur, saxaðar pístasíur, hakkaðar heslihnetur, goji-ber, sneiddar þurrkaðar fíkjur og glitrandi skrautsykur. Takið fram ofnplötu og leggið smjörpappír ofan á. Bræðið súkkulaðið yfir vatnsbaði og gætið að því að botninn á skálinni komist ekki í snertingu við hægsjóðandi vatnið. Notið skeið til að hrúga bræddu súkkulaði ofan á smjörpappírinn og dreifið úr með skeið eða litlum hníf til að mynda disk á stærð við tíkall. Skreytið að vild. Setjið plötuna í kæli og geymið þar til bera á konfektið fram, a.m.k. 30 mín.




Skemmtilegar staðreyndir um súkkulaði

- **Kakóbaunin er upprunnin í Mið- og Suður-Ameríku, talið er að fólk þar hafi byrjað að rækta kakóbaunir um 1250 f.Kr. og jafnvel fyrr.** Kakó var hluti af menningu Maya og Azteka þar sem kakódrykkir voru hluti af trúarlegum athöfnum. Aztekar mátu baunina svo mikils að hún var notuð sem gjaldmiðill í viðskiptum.



- Kakóplöntunni er oft skipt niður í tvær gerðir, aðra sem gefur af sér hágæðakakóbaunir og hina sem gefur af sér venjulegar kakóbaunir sem notaðar eru í almenna iðnaðarframleiðslu. Á plöntunni vex ávöxtur en það er innan í honum sem baunirnar eru, hver ávöxtur inniheldur u.þ.b. 30-40 kakóbaunir. En baunirnar þurfa að fara í gegnum ýmis vinnslustig áður en hægt er að búa til úr þeim súkkulaði, þessi stig geta skipt sköpum um hvort úr verði gæðasúkkulaði eða ekki.
- Súkkulaði hefur verið talið kynorkuaukandi og nýtti Casanova, flagarinn frægi, sér krafta þess. Hann á að hafa drukkið heilan bolla af heitu súkkulaði áður en hann hóf ástaleiki með rekkjunautum sínum.
- Á tímum seinni heimstyrjaldarinnar voru nasistar Þýskalands með þá fyrirætlun að taka Winston Churchill, forsætisráðherra Bretlands, af lífi með súkkulaðistykki. Sprengjusérfræðingar Hitlers höfðu hulið sprengjur með dökkum súkkulaðihjúp og pakkað inn í gylltar og svartar pakkningar. Þeir ætluðu sér síðan að nota njósnara innan Bretlands til að koma súkkuladinu fyrir í borðstofu stríðsráðsins. Leyniþjónusta Breta komst þó að þessu launráði og náði að koma í veg fyrir framkvæmd þess.



- Spánverjar voru fyrstir til að flytja kakóbaunirnar með sér til Evrópu og þeir unnu súkkulaði úr kakóbaununum og sykri. Þeir vernduðu uppskriftina sína vel og í um 100 ár voru þeir einráðir á markaði í Evrópu. Seinna láku spænskir munkar uppskriftinni og brátt fóru fleiri að framleiða súkkulaði.
- Rannsóknir sýna að dökkt súkkulaði getur haft jákvæð áhrif á heilsu fólks. Einnig er talið að dökkt súkkulaði veiti betra minni og skarpari athygli með því að auka blóðflæði til heilans. Vísindamenn hafa teflt fram þeirri kenningu að dökkt súkkulaði geti hjálpað fólki að sjá betur í slæmu skyggni.

FERSK BYRJUN Á ÁRINU



Umsjón / Hanna Ingibjörg Arnarsdóttir Myndir / Hallur Karlsson

Gestgjafinn

KOKKAVIÐTAL

Mikilvægast að hugsa vel um starfsfólkið

Sævar Lárusson byrjaði ferilinn sem nemi á Hótel Sögu og Grillinu en þar var hann í þrjú ár og færði sig svo yfir á veitingastaðinn Kol. *Hann var fyrsti neminn til að útskrifast þaðan árið 2015 og hefur starfað þar alla tíð síðan og er í dag yfirkokkur og eigandi á Kol. Hann segir ganga mjög vel enda sé hann með úrvalslið í kringum sig í eldhúsinu sem hann er mjög þakklátur fyrir. Sævar segist vera mikill fjölskyldumaður en hann er trúlofaður og á tvær yndislegar stelpur. Hann var ekki lengi að svara nokkrum spurningum um sjálfan sig og bransann ásamt því að elda fyrir okkur sælkerarétt úr smiðju sinni.*

Hvers vegna fórstu í kokkinn?

„Ég var algjör villingur og varð að komast í vinnu en ég hafði áhuga á kokkinum þegar ég var ungur.“

Hvaða þrír kokkar í heiminum eru þeir bestu að þínu mati?

„Erfitt að segja, það eru bara svo margir núna, en ég hef alltaf haldið mikið upp á Marco, Gordon og Ferran Adria.“

Uppáhaldsveitingastaður erlendis?

„Sexy Fish, London.“

Hvað er erfiðast við starfið?

„Það eru auðvitað löngu vaktirnar.“

Hver er uppáhaldsmaturinn þinn?

„Eitthvað rosalega einfalt sem kemur vel á óvart.“

Hver var fyrsti rétturinn sem þú eldaðir um ævina?

„Hlýtur að hafa verið spælt egg innan í brauði.“

Hvað þarf framúrskarandi kokkur að hafa?

„Hugsa vel um starfsfólkið sitt.“

Besta íslenska hráefnið fyrir utan lambakjöt og fisk?

„Rjúpa, hreindýr, rabarbari, blóðberg, söl, kerfill og skyr.“

> *„Gasið er að detta úr tísku, hver nennir að hlaupa út og skipta um e-a kúta, þannig að spanið er klárlega málið.“*

Hver er þín besta matarminning?

„Þegar ég fór að borða á Charlie Trotter og smakkaði signature-réttina hans.

Óvenjulegasti rétturinn sem þú hefur borðað?

„Froskalappir með hvítlauksmauki og steinseljusósu.“

Gas, keramik eða spanhellur?

„Gasið er að detta úr tísku, hver nennir að hlaupa út og skipta um e-a kúta, þannig að spanið er klárlega málið.“

Ef þú mættir bara nota einn hníf, hvers konar hnífur yrði fyrir valinu?

„Sting úr Lord of the Rings.“

Hvað værirðu ef þú værir ekki kokkur?

„Ég væri að spila með Bayern München í þýska boltanum.“

Erfiðasta hráefnið?

„Risakóngakrabbi frá Noregi.“

Hvaða eiginleikum þarf framúrskarandi kokkur að búa yfir?

„Vera góður leiðtogi og fyrirmynd.“

Hvaða eftirrétt myndirðu gera fyrir Gordon Ramsay?

„Þeytt skyr með rjóma og bláberja-compot.“

Hvað borðarðu eftir vaktina?

„Allt sem verður á vegi mínum.“

Ef þú ættir að gefa óreyndum kokki eitt ráð þá væri það?

„Aldrei hætta að læra.“

Hér að neðan er uppskrift frá Sævari.



Sævar Lárusson.

KOLAÐUR LAX

Grillað paprikusalsa með kasjúhnetu- og trönuberjakremi, aioli, ristaðuðum kókósflögum og confit-vínberjum.

fyrir 3-4

1 vænt laxaflak (u.þ.b. 700 g)
1 sítróna, börkur notaður
ristaðar kókósflögur til skrauts, settar síðast

Fjarlægið roðið af laxinum og skerið í 160 g til 180 g stykki. Kryddið laxinn með salti, pipar og rifnum sítrónuberki. Setjið laxinn á funheitt grillið í u.þ.b. 6 mín. þar til ykkur finnst hann vera orðinn klár. Setjið paprikusalsað á disk og látið fiskinn ofan á og berið fram með trönuberjakremi, aioli, confit-vínberjum og skreytið með ristuðum kókósflögum. Þetta er alger sælkeraréttur.

Grillað paprikusalsa

2 paprikur
1 rauðlaukur
2 sellerístilkar
1 búnt steinselja
1 granatepli
1 sítróna 100 ml
salt og pipar

Skerið papriku og rauðlauk í sneiðar og skellið þeim á grillið. Passið að grilla ekki of mikið. Skerið paprikuna og laukinn í litla teninga og setjið allt í skál. Saxið sellerí og steinselju fínt niður og blandið saman. Skerið granateplið til helminga og sláið fræin úr báðum hlutum og passið að hvíti parturinn sé ekki með. Bætið saman við blönduna og rífið börkinn af sítrónunni og kreistið safann allan út í skálina. Smakkið til með jómfrúarolíu, salti og pipar. Þetta er virkilega ferskt og passar vel með öllum grillréttunm í sumar.

Aioli

50 ml hvítlauksolía
200 ml majónes
salt og pipar

Blandið öllu saman í skál.

Kasjúhnetu- og trönuberjakrem

100 g kasjúhnetur
100 g þurrkuð trönuber
200 ml rauðrófusafi eða vatn
1 msk. balsamic
salt og pipar

Setjið allt saman í pott og hitið að suðu og maukið síðan allt saman í matvinnsluvél.

Confit-vínber

200 g rauð steinlaus vínber
100 ml repjuolía
1 rósmaríngrein
salt og pipar

Skolið vínberin og takið þau af greininni, setjið því næst vínberin í eldfast mót með olíunni, rósmarín og salti og pipar. Gott er að setja dass af vatni eða sítrónu með út í mótið. Eldið í 160˚C heitum ofni í u.þ.b. 10 mín.




wortie®

Meðferð við vörtum & fótvörtum



- Árangursrík frystimeðferð
- Einfalt í notkun
- Enginn skaði á heilbrigðri húð
- Fyrir 4 ára og eldri







www.alvogen.is

„Árstíðirnar tengja sögurnar saman“

Karítas Hrund Pálsdóttir fékk þá hugmynd að setja saman bók með safni stuttra, skáldaðra frásagna fyrir þá sem leggja stund á íslensku sem annað mál þegar hún var í skiptinámi í háskóla í Japan. Fjórum árum og tveimur háskólagráðum síðar er bókin orðin að veruleika en hún kom í verslanir skömmu eftir áramót. Karítas segir það heiður að Eliza Reid forsetafrú hafi skrifað formála bókarinnar en auk þess hefur bókin að geyma uppskrift móður Guðna Th. Jóhannessonar forseta að uppáhaldsplokkfiskréttinum hans.

Texti / Guðrún Óla Jónsdóttir Mynd / Hákon Davíð Björnsson

Karítas er höfundur bókarinnar Árstíðir – sögur á einföldu máli. Hún útskrifaðist með meistarapróf í ritlist frá Háskóla Íslands í fyrrasumar en áður hafði hún lokið BA-gráðu í íslensku með japönsku sem aukagrein árið 2017. Hún segist hafa öðlast töluverða reynslu af tungumálanámi í gegnum árin þar sem hún bjó í Danmörku sem barn, í Bandaríkjunum sem unglingur og útskrifaðist síðan af málabraut í menntaskóla. „Ég hafði fundið mikilvægi þess að til séu áhugaverðar sögur á réttu getustigi fyrir þá sem vilja tileinka sér ný tungumál. Ég taldi þörf á að til væru fleiri slíkar sögur á íslensku og ákvað að skrifa safn stuttra, skáldaðra frásagna fyrir þá sem leggja stund á íslensku sem annað mál.“

Hugmyndin kviknaði í Japan

Hugmyndin að bókinni Árstíðir – sögur á einföldu máli segir Karítas að hafi kviknað þegar hún nam japönsku í eitt ár við Waseda-háskóla í Tókýó þegar hún var í BA-náminu við Háskóla Íslands. „Það eru akkúrat tvö ár núna síðan ég hófst handa við að skrifa sögur í bókina. Þetta er mín fyrsta bók en áður hafa sögur eftir mig meðal annars birst í smásagnasafninu Það er alltaf eitthvað, sem Una útgáfuhús gaf út vorið 2019.“

Karítas segir sögurnar allar flokkast undir örsögur. „Það er reyndar engin skýr skilgreining á því hvað örsaga er. Þær eru allt frá því að vera ein málsgrein en ein þumalputtaregla miðar við að saga sé orðin smásaga þegar hún er orðin 1.500 orð að lengd. Sögurnar mínar eru mislangar en þó allar á bilinu 35 til 500 orð.“

Fjölbreyttar sögur

Eins og nafn bókarinnar gefur til kynna er sögunum skipt upp í fjóra hluta eftir árstíðum: SUMAR, HAUST, VETUR og VOR. „Það eru því árstíðirnar sem tengja sögurnar saman,“ segir Karítas.

„Ljós og myrkur afmarka árstíðirnar á Íslandi og kemur birtan og birtuleysið því svolítið við sögu. Annars eru sögurnar fjölbreyttar að innihaldi. Í bókinni leynist til dæmis uppskrift að uppáhaldsplokkfiski Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands, og góð ráð um hvernig megi komast í gegnum skammdegið í janúar. Í einni sögunni er sagt frá sauðfjárréttum og í annarri verður óvænt uppákoma í berjamó. Í þriðju sögunni styðjast stelpur í strákaleit bæði við Tinder og Íslendingabók og í þeirri fjórðu er talað um sjóræningja sem því miður eru ekki bara til í ævintýrunum. Svo eru þarna sögur sem snúast um orðaleiki, eins og til dæmis tvíræðni orðanna gella, greiðsla og tunga.“

Karítas segist hafa skrifað sögurnar í bókinni sérstaklega með fullorðna lesendur sem eru með íslensku sem annað mál í huga og reynt að hafa þær fjölbreyttar svo þær gætu höfðað til sem flestra, enda sé hópur þeirra sem sé að læra íslensku mjög fjölbreyttur. Sögurnar gætu jafnvel hentað lesendum strax á unglingastigi.



Karítas Hrundar Pálsdóttir

> ***Í bókinni leynist til dæmis uppskrift að uppáhaldsplokkfiski Guðna Th. Jóhannessonar, forseta Íslands, og góð ráð um hvernig megi komast í gegnum skammdegið í janúar.***



Þá segir hún bókina nýtast jafnt við kennslu og til yndislestrar. „Til stendur að nota nokkrar sögur úr bókinni við kennslu í hagnýtu námi í íslensku sem öðru máli við Háskóla Íslands nú á vormisseri og vonandi verður lestur þessara útvöldu sagna til þess að nemendur langi til að lesa fleiri sögur úr bókinni í frítíma sínum. Ég held líka að sögurnar gætu ef til vill nýst nemendum á starfs- og sérnámsbrautum framhaldsskólanna og bara öllum þeim sem vilja lesa sögur á einföldu máli,“ segir Karítas og brosir.

Heiður að Eliza Reed hafi skrifað formála að bókinni

Aðspurð hvað geri sögurnar að sögum á einföldu máli svarar Karítas að þær séu stuttar og skýrar. Hún hafi reynt að gæta þess að textinn væri hnitmiðaður, það er að hann hefði skýrt umfjöllunarefni.

„Auk þess valdi ég auðskiljanleg orð fram yfir flókin orð og reyndi að hafa setningar stuttar og einfaldar. Hvað þetta varðar samræmist getustig sagnanna að einhverju leyti viðmiðum um auðlesið efni, samanber kennslurit á vef Þroskahjálpar. Ég las fræðigreinar og kennslubækur til að fá góða tilfinningu fyrir getustiginu áður en ég byrjaði að skrifa sögurnar og naut leiðsagnar frá Maríu Önnu Garðarsdóttur og Sigríði D. Þorvaldsdóttur sem eru sérfræðingar í annarsmálsfræðum og kennslu íslensku sem annars máls við Háskóla Íslands.“

Karítas segir það mikinn heiður að Eliza Reid hafi skrifað formála að bókinni. „Eliza hefur meðal annars látið að sér kveða í bókmenntalífinu á Íslandi með ritlistarráðstefnunni Iceland Writers Retreat. Hún er afar flott fyrirmynd,“ segir Karítas. „Í formálanum slær Eliza á létta strengi enda létt og skemmtileg manneskja. Hún segir að glappaskot hennar væru efni í bók og að hún hafi oft óvart vakið misskilning með sínu íslenskutali en hvetur þá sem eru að læra íslensku sem annað mál að sýna þrautseigju því færni í tungumáli þurfi ætíð að halda við.“

Karítas segist vona að lesendur muni hafa gaman af lestri bókarinnar. Þess óskar Eliza líka og segir: „Ég vona að þið njótið allra þessara sagna eins vel og ég.“



Kjörís

MJÚKÍS ÁRSINS 2020

Mjúkís



MEÐ

KARAMELLUSÓSU, SAMBÓ-LAKKRÍS & SÚKKULAÐI

1 L



Fullkomnaðu vel heppnaða máltíð með Mjúkís ársins 2020. Dásamlegur ís með karamellusósu, Sambó-lakkrís og súkkulaði. Ómótstæðilegur ís sem hæfir góðri máltíð — og þér líka.

Texti / Sigrún Guðjohnsen Mynd / Brynjar Snær

Albumm

TÓNLIST

Vinnur með konunni sem uppgötvaði Lady Gaga

***Gréta Karen Grétarsdóttir** hefur haft nóg að gera eftir að hún flutti til Los Angeles en þar hefur hún unnið með stórum nöfnum í tónlistar- og kvikmyndageiranum. Nýlega skrifaði Gréta undir samning við umboðskonuna Wendy Starland sem uppgötvaði meðal annars Lady Gaga. Albumm hitti á Grétu, sem er nú stödd á Íslandi, og forvitnaðist um ferilinn, æskuna og þessi merku tímamót.*

Ég hafði þekkt Wendy Starland í smátíma í gegnum sameiginlegan vin. Svo í fyrra fórum við að spjalla og ég sagði bara í gríni: Af hverju ert þú ekki bara umboðsmaðurinn minn? og hún sagði: „Til er ég.“ „Við gerðum svo samning sem ég skrifaði undir í lok síðasta árs,“ segir Gréta og viðurkennir að það sé ekki amalegt að hafa Wendy Starland sér við hlið, konuna sem uppgötvaði Lady Gaga og hjálpaði henni að skapa ímynd sína.



Gréta Karen Grétarsdóttir.

Umvafin tónlist frá unga aldri

Gréta á ekki langt að sækja hæfileikana því hún er dóttir tónlistarmannsins Grétars Örvarssonar,sem er best þekktur sem hljómsveitarmeðlimur Stjórnarinnar. „Ég held að pabba hefði líklegast langað meira til að ég yrði lögfræðingur eða læknir. Í dag skil ég það betur, enda getur tónlistarheimurinn oft verið skrítinn og erfiður,“ segir hún en tekur fram að foreldar hennar hafi þó ævinlega stutt hana í því sem hún hefur tekið sér fyrir hendur.

> „Ég held að pabba hefði líklegast langað meira til að ég yrði lögfræðingur eða læknir.“

Aðspurð, segist Gréta hafa verið umvafin tónlist frá unga aldri. „Ég ólst upp hjá móður minni fyrstu fjórtán árin. Hún söng mikið á heimilinu, enda hafði hún ætlað að fara í óperunám þegar hún var unglingur en gat það því miður ekki þar sem faðir hennar lést aðeins 37 ára og í kjölfarið varð hún að hjálpa móður sinni með heimilið og yngri systkini sín,“ lýsir hún og segist hafa flust til föður síns þegar hún var fjórtán ára. Tónlist hafi mikið verið spiluð á því heimili. „Ég fæ því tónlistargenin bæði frá mömmu og pabba,“ segir hún.

Spurð hver sé fyrsta minning hennar af því að syngja, hugsar Gréta sig aðeins um og segist muna eftir sér að nota sippubandið sitt sem míkrófón þegar hún var fjögurra ára. „Ég man að ég var með lokað að mér því enginn mátti heyra mig syngja.“

Feimnin rak hana út í nám

Gréta segist alltaf hafa verið feimin að syngja fyrir framan aðra og það hafi eiginlega orðið til þess að hún ákvað að fara til Danmerkur í tónlistarnám við Complete Vocal Institude. „Þetta var fjögurra mánaða krefjandi söngnám sem hjálpaði mér mjög mikið að komast úr skelinni.“ Að námi loknu sótti hún svo um að komast inn í Musicians Institute í Los Angeles. „Mig langaði til að geta spilað undir hjá sjálfri mér og læra að semja og taka upp,“ segir hún, en Gréta hefur einnig lokið 4-5 stigum í klassísku píanónámi hér heima. Hún viðurkennir að námið hafi verið mjög erfitt, þyngra en hún bjóst við, og hún hafi stundum verið að því komin að gefast upp. „Þetta reyndist vera allt frá tímum í kvikmyndatónlist upp í það að skrifa nótur fyrir blásarasveit og vera í rauninni einskonar tónlistarstjóri. Ég hugsaði bara: Bíddu, átti ég ekki bara að vera að læra að spila á píanó?“ segir hún og hlær. „En þetta hófst og ég útskrifaðist með gráðu í popptónlistarsmíðum.“

Að námi loknu hefur Gréta haft í nógu að snúast og unnið með ýmsum stórum nöfnum. Þar á meðal The Newton Brothers, sem sömdu meðal annars tónlistina við Doctor Sleep, en Gréta hefur sungið inn á margar kvikmyndir og sjónvarpsþætti fyrir þá. Þá söng hún bakraddir á nýjustu plötu stórsveitarinnar BUSH. Hún segir skipta sköpum að hafa góðan umboðsmann eins og Wendi sér við hlið í þessu öllu. „Já, trú hennar og fallegu orð hafa reynst mér ómetanleg á erfiðum tímum.“ *Ítarlegt viðtal er við Grétu á Albumm.is*







Texti / Steinar Fjeldsted

Big Thief á Íslandi

Bandaríska hljómsveitin **Big Thief** mun koma fram á tónleikum í Hljómahöll í Reykjanesbæ miðvikudaginn 24. júní. Big Thief þarf vart að kynna fyrir tónlistaráhugafólki á Íslandi, því sveitin hefur notið vaxandi vinsælda frá því að fyrsta plata hennar Masterpiece leit dagsins ljós árið 2016. Seinni plötur hennar hafa allar hlotið góðar viðtökur; gagnrýnendur héldu þannig varla vatni yfir **Capacity**, sem kom út árið 2017, og plöturnar **U.F.O.F.** og **Two Hands**, sem komu báðar út á síðasta ári, rötuðu á flesta árslista í Bandaríkjunum yfir plötur ársins. Sem dæmi var U.F.O.F. í þriðja sæti og Two Hands í þrettánda sæti yfir bestu plöturnar 2019 hjá bandarísku tónlistartímaritinu Pitchfork. Platan U.F.O.F. var jafnframt tilnefnd til Grammy-verðlaunanna. Hljómsveitin þykir með betri tónleikasveitum í dag, ekki síst þegar nálægðin við áhorfendur er mikil og hljómburður er góður. Því er viðbúið að Hljómahöllin henti sveitinni vel. Miðaverð er 6.900 kr. í stæði og 7.900 kr. í sæti á svölum. Miðasala er hafin á Tix.is. **Nánar á Albumm.is**.

Ekki allt með felldu



Sveitin **Seint** hefur sent frá sér nýtt tónlistarmyndband við lag sitt **Einn Tveir Þrír**. „Þetta er einskonar ádeila á nútímavæðingu poppkúltúrsins í samfélaginu,“ segir **Joseph Cosmo**, forsprakki Seint, í samtali við Albumm. „Utan frá séð er hann mjög aðlaðandi en þegar betur er að gáð er ekki alltaf allt með felldu. Þess vegna er mikilvægt sem tónlistarmaður að vera ekki bara að bera sig saman við aðra, heldur njóta þess að skapa, hafa gaman og vera til.“ Hann bendir á að annars ætti þetta sólríka myndband að vera góður undirbúningur fyrir sumarið. Þess má geta að **Jón Smári Tómasson** leikstýrði myndbandinu og kvikmyndataka var í höndum **Bjarna Svans Friðsteinssonar**. **Hægt er að horfa á myndbandið á Albumm.is.**


Albumm mælir með

JFDR í Iðnó

Tónlistarkonan **Jófríður Ákadóttir**, eða **JFDR**, fagnar útgáfu plötu sinnar New Dreams með veglegum útgáfutónleikum í Iðnó 13. mars. **New Dreams** er önnur sólóplata Jófríðar, sem gaf áður út Brazil árið 2017 en sú plata hlaut frábærar viðtökur á sínum tíma. **Miðasala er hafin á Tix.is.**

Bubbi á einlægum nótum

Bubbi Morthens heldur hugljúfa tónleika á **Valentínusardaginn 14. febrúar í Bæjarbíói**, Hafnarfirði. Bubbi ætlar sér að vera á einlægum nótum, flytja ástarlög úr eigin smiðju og segja sögurnar sem liggja að baki sumum laganna. Einstök stund með einum ástsælasta tónlistarmanni þjóðarinnar. **Húsið verður opnað klukkan 19.30. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30. Miðasala við innganginn.**



Útgáfutónlekar Hatara

Andkapítalíska hljómsveitin **Hatari** skilar af sér sinni fyrstu breiðskífu, **Neyslutrans**, í von um niðurrif síðkapítalismans og arð. Af því tilefni verður sveitin með útgáfutónleika í **Austurbæ** dagana **22.** og **23. febrúar**, en 18 ára aldurstakmark er á tónleikana 22. febrúar. **Takmarkaður miðafjöldi er í boði. Nánar á tix.is.**

SVO MIKLU, MIKLU MEIRA Á ALBUMM.IS
Tónlist / Menning / Viðburðir / TV

Ný formúla. Einstök virkni.

ALGAE BIOACTIVE CONCENTRATE

Kraftmikil, náttúruleg andlitsolía með
örþörungum sem vernda kollagenforða húðar.

*Samkvæmt óháðri klínískri rannsókn, framkvæmd af húðlæknum



BLUE LAGOON
ICELAND

Sýnilegur árangur*

Nærandi 100%

Sléttari húð 95%

Eykur ljóma húðar 86%

Fáanleg á bluelagoon.is og Laugavegi 15

EINKALEYFAVARIN NÁTTÚRULEG INNIHALDSEFNI / SJÁLFBÆR FRAMLEIÐSLA / BYGGT Á VÍSINDARANNSÓKNUM

Texti / Guðný Hrönn

70's-tíska með vorinu

Hippaleg tíska var í aðalhlutverki á tískupöllunum hjá nokkrum helstu tískuhúsum heims þegar þau sýndu vor- og sumarlínur sínar fyrir þetta árið.

Hin ýmsu tísku-trend sem ríktu á áttunda áratug síðustu aldar voru áberandi, svo sem blómamynstur, kögur, buxur með víðu sniði og rúskinn svo nokkur dæmi séu tekin.

Diskókragi, og mynstraðar buxur á pallinum hjá Paco Rabanne.

Eins og að horfa aftur í tímann. Af tískupallinum hjá Louis Vuitton. Mynd /EPA

Louis Vuitton. Mynd / EPA

Hippaleg litapalletta og stórir kragar sem minna á diskótímabilið á tískupallinum hjá Victoriu Beckham.

Tískuhús Saint Laurent sýndi dásamlega línu á tískuvikunni í París þar sem 70´s-tískustraumar réðu ríkjum. Mynd /EPA

Frá sýningu Celine.

Anna Sui sýndi þennan hippalega kjól á tískuvikunni í New York. Mynd /EPA

Rúskinn og heklaðar flíkur eru áberandi í vor- og sumarlínu Altuzarra.

Frá sýningu Khaite.

Lífstykkjabúðin

Fákafeni 9 | 108 Reykjavík



15% afsláttur af öllu
dagana 13. og 14.febrúar

Lífstykkjabúðin Fákafeni 9 108 Reykjavík S:551-4473

Texti / Ragna Gestsdóttir Myndir / Baldur Kristjáns



EUROVISION

HVERJIR KEPPA TIL ÚRSLITA ÁSAMT DIMMU OG HELGU OG ÍSOLD?

Eurovision er hafið, en fyrri undankeppni Söngvakeppninnar fór fram laugardaginn 8. febrúar, sú seinni verður núna laugardagskvöldið 15. febrúar og úrslitakvöldið 29. febrúar. Undankeppnirnar fara fram í Háskólabíói og úrslitakvöldið verður í Laugardalshöll og einnig eru keppnirnar sýndar í beinni útsendingu á RÚV.

Fimm lög kepptu um hylli landsmanna í fyrri undankeppninni og áfram komust DIMMA með lagið Almyrkvi og Helga og Ísold með lagið Klukkan tifar. Fimm lög og flytjendur keppa nú um að komast áfram í úrslitakeppnina, en dómnefnd áskilur sér rétt sem áður að velja eitt lag sem ekki kemst áfram í undankeppni, sem svokallað „wild-card“ og gætu því fimm lög keppt til úrslita. Aðalkeppnin fer síðan fram í Rotterdam í Hollandi, undankeppnir eru 12. og 14. maí þar sem flytjendur með framlag Íslands stíga á svið sjöttu í röðinni af 18 þátttakendum í seinni undankeppninni og ef allt fer að óskum, einnig í lokakeppninni 16. maí.

ÞESSI FIMM FRAMLÖG KOMA FRAM Á SEINNA UNDANÚRSLITAKVÖLDINU:



Daði (27) og Gagnamagnið: Gagnamagnið/Think About Things
Lag, íslenskur texti og enskur texti: Daði Freyr Pétursson

Hinn hávaxni Daði Freyr Pétursson heillaði þjóðina þegar hann og Gagnamagnið lentu í öðru sæti árið 2017 með lagið Hvað með það? Í kjölfarið fylgdi meiri tónlist, platan &Co, flutningur á Secret Solstice sama ár og lokalag Áramótaskaupsins, svo fátt eitt sé nefnt. Daði Freyr og kona hans, Árný Fjóla Ásmundsdóttir, sem er í Gagnamagninu, voru með sjónvarpsþættina Árný og Daði í Kambódíu og Verksmiðjan. Þau giftu sig og eignuðust dótturina Áróru Björgu í fyrra. Daði Freyr og Gagnamagnið íhuguðu að taka þátt í fyrra, en gátu ekki hugsað sér að taka þátt í Ísrael. „Við getum ekki ímyndað okkur að taka þátt í Eurovision-gleðinni með góðri samvisku á meðan Ísraelsríki og her þess beitir Palestínumenn hrottalegu ofbeldi í næsta nágrenni,“ sagði Daði Freyr á Facebook-síðu sinni og hvatti RÚV til að sniðganga keppnina. En í ár er hann mættur aftur með lag sem í enska textanum fjallar um eiginkonuna Árnýju. Íslenski textinn fjallar hins vegar um Gagnamagnið sem kemur utan úr geimi til að bjarga mannkyninu.
Daði Freyr semur einnig íslenska textann við lag Elísabetar Ormslev, Elta þig, sem keppti á fyrra undanúrslitakvöldinu.

Hildur Vala (38): Fellibylur
Lag: Hildur Vala og Jón Ólafsson
Texti: Bragi Valdimar Skúlason

Hildur Vala Einarsdóttir tekur í fyrsta sinn þátt í Söngvakeppninni, en hún kom fyrst fyrir augu og eyru þjóðarinnar í Idol stjörnuleit, þegar hún sigraði aðra þáttaröðina í mars árið 2005. Þar kynntist hún einmitt eiginmanninum, Jóni Ólafssyni tónlistarmanni, og semja þau saman framlag Hildar Völu. Textann semur Baggalúturinn Bragi Valdimar Skúlason, en íslenskan leikur í höndum hans í lagatextum og hefur hann samið hverja perluna á fætur annarri. Hann samdi meðal annars texta lagsins Skuggamynd sem tók þátt í keppninni árið 2013. Hildur Vala sendi frá sér tvær sólóplötur árin 2005 og 2006, en tók sér síðan langt hlé frá tónlistinni, í það minnsta opinberlega. Hildur Vala stundaði meðal annars nám við FÍH, sat í stjórn Kítón og tók þátt í Stelpur rokka! rokksumarbúðunum. Árið 2018 kom þriðja platan, Geimvísindi, út. Platan er sú fyrsta með frumsömdu efni Hildar Völu og fékk hún frábæra dóma gagnrýnenda.





Iva (21): Oculis Videre
Lag og texti: Íva Marín Adrichem og Richard Cameron

Íva Marín er ein af nýliðum keppninnar í ár og flytur hún eigið lag, en lag og texta samdi hún ásamt Richard Cameron. Texti lagsins er að hluta á latínu en merking titilsins er Augað sér og segir Íva Marín að titillinn lýsi þema lagsins mjög vel. Í texta lagsins segir frá spákonu sem er samblanda af íslenskri völvu og grískri gyðju. Henni líst alls ekki á blikuna þegar hún horfir í kristalskúlu sína og segir að mannfólk þurfi að grípa til aðgerða ef ekki á að fara á versta veg. Íva Marín sem hefur lært klassískan söng, stundar nám við listaháskóla í Rotterdam í Hollandi, þar sem lokakeppnin fer einmitt fram. Faðir hennar er hollenskur og ber Íva Marín ættarnafn hans. Íva Marín tók þátt í The Voice árið 2016 og í Söngkeppni framhaldsskólanna ári áður.
Auk söngsins spilar hún á píanó og hefur tekið þátt í uppsetningu tveggja óperusýninga. Íva Marín hefur verið blind frá fæðingu,
og er fyrsti einstaklingurinn með fötlun sem tekur þátt í Söngvakeppninni, eftir því sem við best vitum.

Ísold (27) og Helga (32): Klukkan tifar/Meet Me Halfway
Nína (19): Ekkó/Echo
Lag: Þórhallur Halldórsson og Sanna Martinez
Texti: Þórhallur Halldórsson og Einar Bárðarson

Nína Dagbjört Helgadóttir tók þátt í Söngkeppni framhaldsskólanna árið 2018 auk þess að hafa tekið þátt í Jólastjörnunni, Verslóvælinu og Jarminu í Fjölbraut í Garðabæ, en hún tekur nú þátt í Söngvakeppninni í fyrsta sinn. Hún ber nafn sem er órjúfanlega tengt Eurovision í augum Íslendinga, en lagið Draumur um Nínu sem var framlag okkar árið 1991 í flutningi Eyfa Kristjáns og Stefáns Hilmarssonar er líklega þekktasta og ástsælasta Eurovision-framlag þjóðarinnar. Ekki nóg með það þá er Nína Dagbjört önnur kynslóð Eurovisionkeppenda, móðir hennar, Rúna Stefánsdóttir, hefur þrisvar stigið á svið keppninnar. Árið 2001 flutti hún lagið Í villtan dans, árið 2006 lagið 100% og árið 1999 var hún í aðalkeppninni í bakröddum hjá Selmu Björns þegar All Out of Luck lenti í 2. sæti. Nína Dagbjört gaf út lagið Prove It með Javi Valiño og ThomDary í fyrra og náði það vinsældum. Hún segir að það hafi því aldrei verið spurning hvort heldur hvenær hún myndi taka þátt sjálf. Það vill líka svo skemmtilega til að Rúna móðir hennar mun syngja með í bakröddum. Einar Bárðarson snýr síðan aftur í keppnina sem lagahöfundur, en hann átti lagið Birta/Angel í keppninni árið 2001 ásamt Magnúsi Þór Sigmundssyni, sem Gunnar Ólason og Kristján Gíslason fluttu í Parken í Kaupmannahöfn.
Einar sat sem dómari í keppninni hér heima þegar María vann með lagið Lítil skref.





Matti Matt (40): Dreyma
Lag: Birgir Steinn Stefánsson og Ragnar Már Jónsson
Texti: Matthías Matthíasson

Matti Matt er reynslubolti þessa kvölds. Hann tók þátt árið 2006 með Sést það ekki á mér?, árið 2007 með Húsin hafa augu og komst í úrslit, árið 2010 flutti hann eigið lag, Out of Sight, og komst aftur í úrslit og sama gerðist árið 2011 með lagið Eldgos sem hann samdi ásamt Erlu Björg Káradóttur. Sama ár fór hann ásamt vinum og samstarfsfélögum undir nafninu Vinir Sjonna til Düsseldorf með lagið Coming Home.
Matti flytur nú lag Birgis Steins og Ragnars Más, sem þegar eru komnir í úrslit keppninnar, en þeir eiga lagið Klukkan tifar sem komst áfram á fyrra undanúrslitakvöldinu. Matti á hins vegar texta lagsins Dreyma og segist hann hafa viljað semja íslenskan texta við lagið sem upphaflega var á ensku. Söng hann textann í síma fyrir lagahöfunda og var ráðinn á staðnum, eins og sagt er. Textinn fjallar um hvort fólk hafi áhuga á að heyra rödd ljóðmælanda. „Mín pæling var: Hef ég enn eitthvað að gera hérna? Hef ég enn eitthvað tilkall til þess að koma og syngja fyrir ykkur?“
segir Matti. „Ég held ég hafi það kannski bara enn þá.“

FULL BÚÐ AF NÝJUM VÖRUM

Stærðir 14-28 eða 42-56

Sjáðu úrvalið í netverslun www.curvy.is eða
komdu í verslun okkar í Hreyfilshúsinu við Grensásveg





Peysa
7.990 kr
Stærðir 14-28



Peysa
6.990 kr
Stærðir 14-26



Peysa
6.990 kr
Stærðir 14-28



Gallabuxur
11.990 kr
Stærðir 14-26



Gallabuxur
6.990 kr
Stærðir 14-26



Buxur
8.990 kr
Stærðir 14-28

Curvy

Fellsmúli 26 v/Grensásveg | 108 Reykjavík | sími 581-1552 | www.curvy.is

Texti / Ragna Gestsdóttir Myndir / fasteignaljosmyndun.is

Texti / Ragna Gestsdóttir Myndir / Facebook og ljósmyndarar Birtings

sh
Séð og Heyrt
FRÆGA FÓLKIÐ

SÓLVEIG SELUR SENDIRÁÐI KANADA

Sólveig Pétursdóttir, fyrrverandi dómsmálaráðherra, seldi einbýlishús sitt við Fjólugötu 1 í Reykjavík um miðjan janúar. Sólveig og eiginmaður hennar, Kristinn Björnsson fyrrverandi forstjóri Skeljungs, bjuggu í húsinu fram að andláti hans árið 2015. Húsið var sett á sölu árið 2016, en Sólveig býr í nýlegri blokkaríbúð í Kópavogi.



Kaupandi hússins er kanadíska sendiráðið, en kaupsamningur var undirritaður 15. janúar og afhending var 30. janúar. Húsið sem er eitt af þessum stóru glæsilegu húsum í Þingholtunum er staðsett gegnt Hallargarðinum og með útsýni yfir Reykjavíkurtjörn. Það var teiknað af Sigurði Guðmundssyni arkitekt og byggt árið 1926. Húsið er á tveimur hæðum og undir því er kjallari, það var mikið endurnýjað árið 2002 og hvergi til sparað við framkvæmdirnar, meðal annars var skipt um gólfefni og allar innihurðir.

Fimm salerni eru í húsinu þar af þrjú með sturtu, og tvö með baðkari. Garðurinn er fallega hannaður, stór og gróinn.

Samkvæmt kaupsamningi er kaupverðið 265 milljónir króna, en fasteignamat hússins er rúmlega 174 milljónir króna. Engar veðskuldir hvíldu á húseigninni.

Kanadíska sendiráðið er til húsa að Hallveigarstöðum, Túngötu 14, í miðbænum. Ekki er vitað hvort að sendiráðið hyggst flytja sig um set yfir á Fjólugötu.





Parið Birgir Gunnarsson og **Astrid Boysen**, hárgreiðslukona á Salon Veh, hafa sett fasteign sína í Efstalandi í Mosfellsbæ á sölu. Parið er að flytja til Ísafjarðar, þar sem Birgir er nýráðinn bæjarstjóri, en hann var áður forstjóri Reykjalundar.



Húsið er raðhús á tveimur hæðum, 194,2 fm og var byggt árið 2016. Húsið skiptist í fjögur svefnherbergi, sjónvarpsstofu, eldhús og stofu, og tvö baðherbergi. Svalirnar eru með heitum potti og innangengt er í bílskúr. Parket er á öllum svefnherbergjum og sjónvarpsstofu, flísar í stofu, eldhúsi, baðherbergjum og bílskúr, en gólfhiti er í öllum rýmum. Hjónasvítan er sérlega glæsileg með fataherbergi og sérbaðherbergi.

Söluverð er 89,9 milljónir króna, en fasteignamat hússins er 75,6 milljónir króna.

VERÐLAUNA LEIKUR

ÍSLAND Í EUROVISION



Seinni undankeppni Söngvakeppninnar fer fram laugardaginn 15. febrúar. Alls keppa 10 lög í ár um að verða framlag Íslands í Eurovision í Rotterdam í Hollandi í maí. Við spyrjum, hvað hefur Ísland tekið oft þátt í Eurovision og hver er okkar besti árangur í keppninni?

Svar sendist á netfangið ragna@birtingur.is fyrir fimmtudaginn 20. febrúar eða með því að fara inn á Facebook-síðu Séð og Heyrt, skrifa þar athugasemd og tagga vin. Við drögum úr nöfnum þeirra sem giska rétt og viðkomandi og vinurinn sem taggaður er, fá eintak af nýjasta tölublaði Gestgjafans.

Fræg söngvatengsl

Söngvakeppnin fer nú fram á RÚV, en þar etja kappi 10 lög um hylli og innhringingar landsmanna. Tvö lög eru komin áfram í úrslit og fimm eiga eftir að keppa um tvö laus pláss í úrslitum. Líkt og oft gerist í keppnum af þessu tagi eiga flytjendur og lagahöfundar ættartengsl við fyrri keppendur í Söngvakeppninni og/eða við aðra sem þekktir eru fyrir tónlist á öðrum vettvangi. Skoðum nokkur fræg ættarsöngvatengsl keppenda.



ÆTTMÓÐIR SÖNGVAKEPPNINNAR

Elísabet Ormslev (26) sem flutti eigið lag, Elta þig, á fyrra undanúrslitakvöldinu tilheyrir annarri kynslóð keppninnar. Hún er dóttir **Helgu Möller**, sem var í hópnum Icy, sem fór fyrstur út fyrir Íslands hönd árið 1986, með Gleðibankann ódauðlega. Helga tók nokkrum sinnum þátt eftir það, dúett sem hún var í varð til dæmis í öðru sæti árið 1991 með lagið Í dag. Elísabet hefur einnig tekið þátt áður, bæði í bakröddum og árið 2016 flutti hún lag Gretu Salóme, Á ný.



SÖNGELSK SYSTKINI

Ísold Wilberg Antonsdóttir (27) syngur lag feðgana Birgis Steins og Stefáns, og félaga þeirra Ragnars Más Jónssonar, Klukkan tifar. Hálfbróðir hennar er **Már Gunnarsson** sem er einnig að gera það gott í tónlist, þótt hann hafi ekki tekið þátt í Söngvakeppninni (ekki enn þá alla vega). Systkinin gerðu sér lítið fyrir og unnu jólaladagakeppni Rásar 2 nú í desember með lagið Jólaósk.



NÍNA NÚTÍMANS

Nína Dagbjört Helgadóttir (19) heitir sama nafni og eitt vinsælasta lag Söngvakeppninnar, sem Stefán Hilmarsson söng. Hvort hún var skírð í höfuðið á laginu vitum við ekki, en hún tilheyrir líka annarri kynslóð keppenda þar móðir hennar, **Rúna G. Stefánsdóttir** hefur þrisvar tekið þátt: í bakröddum hjá Selmu Björnsdóttur í laginu All Out Of Luck árið 1999. Árið 2001 söng hún lagið Í villtan dans og endaði í 5. sæti og árið 2006 söng hún lagið 100% og komst í úrslit. Rúna stígur á svið í fjórða sinn í ár, í bakröddum hjá dóttur sinni. Stefán söng bakraddir með Rúnu í All Out Of Luck, en hvort hann er búinn að ráða sig í bakraddir hjá syni sínum í Dreyma vitum við ekki, en það kæmi þá í ljós laugardagskvöldið 15. febrúar.

LÍF STEFÁNS SÁLARMANNS

Birgir Steinn Stefánsson (27) er annar lagahöfunda laganna Dreyma og Klukkan tifar. **Stefán Hilmarsson** skrifar íslenskan texta seinna lagsins og enska textann ásamt lagahöfundum. Stefán er best þekktur sem söngvari hljómsveitarinnar Sálin hans Jóns míns, en titillag sólóplötu hans, Líf, sem kom út árið 1993, fjallaði um soninn Birgi Stein og nýtt hlutverk Stefáns, föðurhlutverkið. Birgir Steinn er einnig önnur kynslóð í keppninni því Stefán fór út fyrir Íslands hönd árið 1988 ásamt Sverri Stormsker með Þú og Þeir (Sókrates) og árið 1991 ásamt Eyfa Kristjáns með Drauminn um Nínu.

FETAR Í FÓTSPOR FÖÐURINS

Hljómsveitin DIMMA komst áfram á fyrra undanúrslitakvöldinu með lagið Almyrkvi. **Egill Örn Rafnsson (37)** heldur fast um trommukjuðana í bandinu, en hann er sonur trommuleikarans og útgefandans **Rafns Ragnars Jónssonar** (Rabba), sem lést langt um aldur fram árið 2004. Rabbi spilaði með mörgum hljómsveitum líkt og Egill Örn sonur hans, meðal annars stofnaði hann Bítlavinafélagið og Sálina hans Jóns míns. Einn af stofnendum þeirra beggja ásamt Rabba var Jón Ólafsson, sem á lagið Fellibylur í keppninni í ár. Og títtnefndur Stefán í þessari grein stofnaði með þeim Sálina hans Jóns míns. Svona fara tengslin, vináttan og tónlistin í hring, líka í Söngvakeppninni.



Mynd / Hákon Davíð Björnsson

HÁSKÓLABÍÓ 27. FEBRÚAR

ÍSLANDSMÓTIÐ Í

UPPISTANDI!























HVER VINNUR

500,000?

KYNNAR JÚLÍANA SARA OG KJARTAN ATLI

DÓMNEFND EDDA BJÖRGVINS · PÁLMI GUÐMUNDS · STEINUNN CAMILLA · LOGI BERGMANN

KRISTÍN VALA · GUMMI BEN · FANNAR SVEINSSON

ALDURSTAKMARK ER 18 ÁR · ALLAR UPPLÝSINGAR Á FACEBOOK.COM/UPPISTANDID

MIÐASALA Á TIX.IS



Aldrei að skafa! Með Webasto bílahitara



Þú hitar bílinn með fjarstýringu og nýtur
þannig þæginda og öryggis

Webasto
Feel the Drive

Bílasmiðurinn hf. Bíldshöfða 16 - 110 Reykjavik - sími 5672330 - www.bilasmiðurinn.is - bilasmiðurinn@bilasmiðurinn.is

Síðast en ekki síst

Eftir / Óttar M. Norðfjörð

Sníkjudýr

■ Suður-kóreska kvikmyndin Sníkjudýr hlaut Óskarsverðlaunin fyrir bestu myndina síðustu helgi og varð þar með fyrsta myndin á öðru tungumáli en ensku til að gera það. Hún vann þrenn önnur Óskarsverðlaun og þegar sigurhrinan hófst byrjuðu svo margir S-Kóreubúar að horfa á hátíðina að atvinnulífið hálflamaðist.

S-Kórea hefur lengi litið á sig sem peð í alþjóðamálum, en þessi frægustu verðlaun heims hafa breytt því í hugum margra. Þau gáfu þjóðinni rödd og settu landið rækilega á kortið. Á aðeins örfáum dögum hefur áhugi á suður-kóreskum bíómyndum, menningu og landinu sjálfu margfaldast og forsetinn hefur lofað stóraukinni fjárveitingu í innlenda kvikmyndagerð. Nú skal hamra járnið meðan það er heitt og vekja enn meiri athygli á landi og þjóð.

Hinum megin á hnettinum er annað land þar sem kvikmyndagerðin er líka á lygilegri siglingu. Tónskáldið Hildur Guðnadóttir sprengdi okkur öll úr stolti með því að vinna Óskarsverðlaunin og undanfarin ár hafa íslenskir leikstjórar rúllað upp Cannes, San Sebastian og Sundance, svo fleiri stórhátíðir séu nefndar. Tvær íslenskar sjónvarpsseríur fara síðan bráðlega í alheimsdreifingu á Netflix, til yfir 190 landa, sem er einsdæmi í sögu íslensks sjónvarpsefnis.

En á sama tíma berst íslensk kvikmyndagerð í bökkum og enginn forseti eða forsætisráðherra hefur talað fyrir stóraukinni fjárveitingu í iðnaðinn. Verkefni eru ekki gerð sökum skorts á fjármagni og frábær handrit sitja á hakanum. Með aukinni aðstoð gæti íslensk kvikmyndagerð komið landinu enn frekar á kortið. Við gætum orðið Suður-Kórea norðursins!

Kæru ráðamenn, sannkölluð kvikmyndabylting á sér nú stað í landinu, en styrkir eru enn of fáir og of lágir fyrir þá hugmyndaauðgi sem hér býr. Það má kannski segja að íslenskt kvikmyndagerðarfólk upplifi sig sem sníkjudýr, því það er lítinn stuðning eða skilning að fá. Hömrum járnið meðan það er heitt og ég lofa að þetta verða ekki síðustu Óskarsverðlaunin okkar.





